

Einhuga vegna launahækkana bankastjóra

Fjármálaráðherra segir stjórnendur Íslandsbanka og Landsbankans ekki hafa virt tilmæli um hófsemi og varfærni við launahækkanir og boðar aðgerðir. Forsætisráðherra og samgönguráðherra taka undir í samtali við Fréttablaðið.

KJARAMÁL Með launaákvörðun fyrir ædstu stjórnendur ríkisbankanna virtu stjórnendur Íslandsbanka og Landsbankans ekki tilmæli frá 2017 um hófsemi og varfærni um launaákvörðanir.

Þetta kemur fram í bréfi Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra til Bankasýslu ríkisins. Ráðherra boðar tafarlaugar aðgerðir.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra taka undir það sem fram kom í bréfi fjármálaráðherra í samtali við Fréttablaðið.

Katrín segir að það liggi fyrir starfskjarastefna af hálfu ríkisins hvað varðar opinber hlutafélög um að laun skuli vera hófleg og samkeppnishæf en ekki leiðandi.

„Sömuleiðis eru í gildi tilmæli frá árinu 2017 um að stjórnir skuli gæta varfærni við launaákvörðanir stjórnenda. Skýr tilmæli fjármálaráðherra endurspeglar stefnu ríkisstjórnarinnar og eru algjörlega í takt við umræðu innan hennar,“ segir forsætisráðherrann.

Hún segir aukinheldur að stjórnvöld hafi verið að taka á launamálum hjá hinu opinbera, til dæmis með því að leggja niður kjararáð. Tryggja þurfi að launaákvörðanir stjórnenda hjá hinu opinbera séu teknar með gegnsæjum og fyrir-sjáanlegum hætti.

Sigurður Ingi segir að hækkunirnar hafi sent röng skilaboð inn í þær erfiðu kjaraviðræður sem nú standa yfir. „Og bara ekki í þeim takti sem við viljum að íslenskt samfélag sé í,“ segir hann og bætir við:

„Staðreyndin er auðvitað sú að í alþjóðlegum samanburði er meiri jöfnuður á Íslandi. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að hann þurfi

Skýr tilmæli fjármálaráðherra endurspeglar stefnu ríkisstjórnarinnar.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.



Sigurður Ingi Jóhannsson.

jafnframt að vera það. Af því að við erum bæði fá og meira og minna tengd. Þessar hækkunir voru ekki í neinu samræmi við það,“ segir samgönguráðherra.

„Það er mat okkar, og að ég held næstum allra í samfélaginu, að stjórnirnar hafi ekki farið að þeim tilmælum sem þeim voru send. Það er farið fram á að þau taki þetta til endurskoðunar og þar með þessa starfskjarastefnu sína einnig,“ segir Sigurður Ingi.

Samgönguráðherra bætir því við að það sé „algjör einhugur innan ríkisstjórnarinnar um nákvæmlega það sem fjármálaráðherra sagði“. Þá segir hann að fleiri opinber fyrirtæki og fyrirtæki sem eru til að mynda í meirihlutaugu lífeyrissjóðanna mættu taka þetta til eftirbreytni. – þea / sjá síðu 4



Þrjátíu ár eru í dag liðin frá því að áratuga löngu banni við sölu áfengs bjórs var aflétt á Íslandi. Davíð Scheving Thorsteinsson átti þátt í því að grafa undan bjórbanninu. Davíð biður enn eftir að ríkið skili bjórnum sex sem voru teknir af honum í tollinum á Keflavíkflugvelli átta árum áður en banninu var aflétt. Sjá síðu 2 FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Luku við að greiða atkvæði

KJARAMÁL Atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun hjá félagsmönnum Eflingar sem starfa við þrif á hótélum lauk klukkan tíu í gærkvöldi. Niðurstöður lágu ekki fyrir er Fréttablaðið fór í prentun.



Sólveig Anna Jónsdóttir.

Fyrirhugað verkfall á að vara frá klukkan 10 að morgni föstudagsins 8. mars og til miðnætis þann dag. Samkvæmt nýlegri könnun meðal félagsmanna Eflingar voru um 80 prósent þeirra hlynt því að fara í verkfall til að ná fram launakröfum.

– sa / sjá síðu 6

Fréttablaðið í dag

Halldór



SKOÐUN Þórlindur Kjartansson skrifar um búddisma og körfubolta. **11**

SPORT Hlauparinn Hlynur Andrússon keppir á EM í dag. **14**

TÍMAMÓT Margrét Kristmannsdóttir framkvæmdastjóri fagnar 90 ára afmæli Pfaff. **16**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • BRUGGHÚS

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

TARAMAR
Ný kynslóð einstakra húðvara

Skráðu þig í vildarklúbbinn okkar og fæðu 5.000 krónu inneign.

www.taramar.is

nettó Á NETINU

NETTÓ Á NETINU
- ÓDÝRT OG ÞÆGILEGT -

- 11KR -

- 09KR -

- 07KR -

Nú eru allar 55 stöðvar Orkunnar þínar stöðvar.

ORKAN

Veður



Austan og norðaustan 10-15, en 15-23 um landið norðvestanvert. Snjócoma með köflum norðan til, en rigning sunnanlands og hiti 2 til 7 stig. **SJÁ SÍÐU 18**

Til Danmerkur eða Grænlands

DÓMSMÁL „Mér fannst nú fullt tilefni til að taka málið til endurskoðunar,“ segir Björgvin Jónsson, verjandi Thomasar Möller sem synjað var í gær um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar.

Björgvin mun nú fara yfir þessa niðurstöðu með Thomasi. Ekki hafi verið tekin endanleg ákvörðun um að leita til Mannréttindadómstóls Evrópu. Hann segir álitæfni, einkum varðandi brot á reglum um réttláta málsmeðferð, hefðu átt að gefa fullt tilefni til endurskoðunar.

Björgvin segir Thomas munu afplána í Danmörku eða á Grænlandi.

Í beiðni Thomasar til Hæstarétt-



Thomas Møller Olsen.

ar var lögð áhersla á meint vanhæfi dómsformannsins, Sigurðar Tómasar Magnússonar, annars vegar vegna greiðslna frá ákærvaldinu fyrir útselda vinnu áður en Sigurður var skipaður dómari og hins vegar vegna góðs vinskapar dómsformannsins og Jóns H.B. Snorrasonar sem stýrði aðgerðum sérsveitar um borð í Polar Nanoq, en úrlausn málsins varðaði meðal annars lögmati þeirra aðgerða. Vísað er til þess að Sigurður og Jón séu meðal annars saman í matarklúbbi.

Þá var einnig sagt að handtaka Thomasar utan refsilögsögu landsins hafi verið ólögleg. Landsréttur hafi fallist á að hún hafi ekki lagað. Það eigi að leiða til þess að íslenska dómstóla bresti lögsögu til að leggja dóm á sök í málinu. Í beiðninni er einkum vísað til fikniefnabrotsins um þetta atriði.

Hæstiréttur taldi úrlausn um þessi atriði ekki hafa verulega almenna þýðingu eða að önnur mikilvæg rök væru til að heimila áfrýjun og hafnaði beiðninni. – aá

Matur er mannsins megin



Átjándi matgæðingahátíðin Food and Fun stendur nú yfir í Reykjavík. Í gær var matreiðslumeistarinn Brian Campell, sem er frá Suðurríkjum Bandaríkjanna, í miklum önnum að útbúa dýrindis rétti fyrir kvöldið á veitingastaðnum Nostra í Kjörgarði við Laugaveg. Fjöldi erlendra matreiðslumeistara leikur listir sínar á hátíðinni sem fram fer á ýmsum veitingastöðum í borginni og lýkur á sunnudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hvetja Trudeau til að segja af sér

KANADA Justin Trudeau, forsætisráðherra Kanada, sagði í gær að starfsfólk sitt hafi ávallt fylgt öllum reglum og að hann hafi aldrei reynt að hafa óeðlileg áhrif á rannsókn á meintri spillingu innan kanadíska fyrirtækisins SNC-Lavalin.

Jody Wilson-Raybould, fyrrverandi dómsmálaráðherra Kanada, mætti fyrir þingnefnd á miðvikudaginn vegna málsins þar sem hún sagði að hún hafi orðið fyrir barðinu á itrekuðum og viðvarandi þrýstingi og jafnvel hótunum frá toppum innan ríkisstjórnarinnar sem vildu að fyrirtækið yrði ekki sótt til saka vegna málsins.

Trudeau sagðist ósammála þessari lýsingu og tók fram að hann liti svo á að ráðamenn hefðu einvörðungu verið að reyna að standa vörð um kanadísk störf, ekki hagsmuni fyrirtækisins sjálfs. Stjórnarandstæðingar hafa krafist afsagnar vegna málsins. – þea

Davíð bíður enn eftir ölinu sem hann keypti

Þrjátíu ár eru liðin frá því að bjór var leyfður á Íslandi. Davíð Scheving Thorsteinsson átti þátt í því að grafa undan bjórbanninu á sínum tíma. Hann bíður enn eftir að ríkið skili bjórnum sem var tekinn af honum í tollinum.

TÍMAMÓT Í dag eru liðin 30 ár frá því að bjórinn var leyfður á Íslandi. Alls seldust 340 þúsund dósir þann dag, eða ein og hálf dós á hvern landsmann. Mikil gekk á áður en bjórinn var loks leyfður.

Einn áfangi var þegar Davíð Scheving Thorsteinsson var á leið heim frá Lúxemborg árið 1980 og reyndi að fara með bjór inn í landið.

„Dóttir mín var flugfreyja og hún mátti koma með bjór inn í landið fyrir mig, en ekki ég. Ég gat ekki séð að þetta samrýmdist stjórnarskrá Íslands að einhverjir kjarasamningar gætu leyft sjómönnum og flugliðum að flytja inn vöru, en ekki almenningi. Það fauk bara í mig,“ segir Davíð. Hann ákvað því að kaupa kippu af bjór í friðhöfninni.

„Ég setti bjórinn ofan á töskuna mína og fór inn í tollinn. Þeir sögðu að það mætti ekki fara í gegn með bjór. Ég átti að skrifa undir sátt og greiða sekt. Ég sagði nei því ég var ekkert sáttur.“

Í beinu framhaldi af uppákomunni skrifaði Sighvatur Björgvinsson, þáverandi ráðherra, undir reglugerð sem leyfði almenningi að fara með bjór inn í landið. „Það er hann sem á heiðurinn af því en ekki ég,“ segir Davíð.

Bjór. eða sterkt öl, var mjög umdeildur á þessum tíma og munandi litlu að málið færi í þjóðaratkvæðagreiðslu. Davíð segir skritið að líta í baksýnispegilinn á þessum tímamótum. „Þetta er svo absurd allt saman. Bara spaugilegt.“

Stefán Pálsson sagnfræðingur segir málið flóknara en svo e að uppátæki Davíðs hafi eitt orðið til þess að grafa undan bjórbanninu.

Á þessum tíma hafi orðið við-



Davíð Scheving getur skálað í bjór núna þótt kippa hafi verið tekin af honum árið 1980, áður en banninu var aflétt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fólk uppgötvaði bjór og léttvín sem er talsverð þróun frá því að drekka bara brennivín.

Stefán Pálsson sagnfræðingur



horfsbreyting í þjóðfélaginu. „Það sem skiptir meira máli en bjórsalan á flugvellinum var að utanlandsferðir verða miklu algengari. Utanlandsferðir urðu til þess að viðhorf Íslendinga til áfengis breyttust

mjög mikið. Fólk uppgötvaði bjór og léttvín sem er talsverð þróun frá því að drekka bara brennivín,“ segir Stefán.

Hann bætir við að 30 ára afmæli bjórsins séu stærri tímamót en fyrri afmæli, bæði í ljósi þess að nú er uppgangur í efnahagslífinu, bjórmenningin er orðin mjög rík fyrir utan að nú lendir stórafmælið á föstudegi.

Davíð er enn að bíða eftir að fá kippuna sína frá ríkinu. „Ég hef aldrei fengið þann bjór til baka. Ríkið skuldar mér hann enn. Þeir gerðu hann upptækan og hvað þeir gerðu við hann veit ég ekki. Ég er búinn að bíða í 30 ár eftir að fá þessar sex flöskur,“ segir hann og hlær.

arib@frettabladid.is



Verkalýðsfélagið Hlíf

ALLSHERJARATKVÆÐAGREIÐSLA

Kjörstjórn Vlf. Hlífar auglýsir framboðsfrest vegna kosningar fulltrúa Vlf. Hlífar í fulltrúaráð Gildis Lífeyrissjóðs fyrir kjörtímabilið 2019-2021.

Tillögum skulu vera um 5 aðalfulltrúa og 5 varafulltrúa ber að skila á skrifstofu Hlífar fyrir kl. 16:00, föstudaginn 8. mars 2019.

Fulltrúalisti uppstillingarnefndar liggur frammi á skrifstofu félagsins frá og með fimmtudeginum 28. febrúar 2019.

Tillögunum ber að fylgja meðmæli minnst 50 til 60 félagsmanna.

Kjörstjórn Vlf. Hlífar



Nú er framtalið þitt opið til staðfestingar

Skilafrestur er til 12. mars

Skilafrestur

Almennur skilafrestur fyrir launamenn og einstaklinga með eigin atvinnurekstur er til 12. mars.

Unnt er að sækja um lengri frest á skattur.is og getur hann lengstur orðið til 15. mars. Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

Upplýsingar á framtali

Áriðandi er að framteljandi athugi hvort áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum. Athuga skal sérstaklega hvort einhverjar upplýsingar vanti inn á framtal, s.s. verktakatekjur.

Auðkenning

Unnt er að auðkenna sig með tvenns konar hætti, þ.e. með rafrænum skilríkjum og með veflykli RSK.

Ríkisskattstjóri mælir með að rafræn skilríki séu notuð við auðkenningu.

Framtalsaðstoð

Í mars verður veitt aðstoð í síma 442-1414 alla virka daga frá kl. 9:00-15:30 og eru afgreiðslur opnar á sama tíma.

Auk þess verður aðstoð í síma og í afgreiðslum RSK á Laugavegi 166 í Reykjavík og Hafnarstræti 95 á Akureyri til kl. 18:00 mánudaginn 11. mars, þriðjudaginn 12. mars og föstudaginn 15. mars.



Bjarni tekur stjórnir bankanna á beinið fyrir launahækkunar

KJARAMÁL Með launaákvörðun fyrir æðstu stjórnendur ríkisbankanna virtu stjórn Íslandsbanka og bankaráð Landsbankans ekki til mæli fjármála- og efnahagsráðherra frá 2017 um hófsemi og varfærni um launaákvörðanir.

Þetta kemur fram í bréfi Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, til Bankasýslu ríkisins. Ráðherra er ómyrkur í máli, tekur stjórnir bankanna á beinið og boðar tafarlaugar aðgerðir.

Tílefni skrifa Bjarna er afhjúpun Fréttablaðsins á umtalsverðum launahækkunum til handa bankastjórnunum Landsbankans og Íslandsbanka á síðustu misserum. Málin vöktu hörð viðbrögð og krafði Bankasýslan í kjölfarið stjórnir bankanna um svör. Niðurstaða beggja stjórna var að farið hefði verið að eigendastefnunni, launin sem bankastjórnirnar fá væru samkeppnishæf ekki leiðandi.

Bjarni er á öndverðum meidi og

segir svörin benda til að ráðið og stjórnin hafi túlkað viðmið um samkeppnishæfni ekki leiðandi og hófsemi í eigendastefnunni of þröngt og einhliða.

„Þannig hafa laun æðstu starfsmanna sem fjallað er um í svarbréfum bankanna verið ákveðin fram úr hófi og leiðandi.“

Við þessa stöðu verði ekki unað, segir Bjarni. Traust og trúnaður verði að geta ríkt milli þeirra sem falin er stjórn mikilvægra félaga og



Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra.

þeirra stjórnvalda sem beri ábyrgð á starfsemi þeirra sem eigandi. Launaákvörðanir bankanna hafi haft verulega neikvæð áhrif á orðspor þeirra og valdið þeim skaða.

„Auk þess sem þær sendu óásættanleg skilaboð inn í þær kjaraviðræður sem nú standa yfir,“ segir Bjarni og fer fram á það að Bankasýslan komi þessari afstöðu ráðuneytisins á framfæri með afdráttarlausum hætti. Ráðuneytið telur enn fremur að bregðast þurfi við stöðunni með tafalausri endurskoðun launaákvörðana og undirbúningi að breytingum á starfskjarastefnum sem lagðar verði fram á komandi aðalfundum bankanna. – smj



Vilhjálmur Vilhjálmsson, fyrrverandi forstjóri HB Grandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fráfarandi forstjóri fékk 88 milljónir

VIÐSKIPTI Laun og kostnaður vegna starfsloka fyrrverandi forstjóra HB Grandi á síðasta ári námu rúmum 88 milljónum króna. Þetta kemur fram í ársreikningi félagsins.

Vilhjálmur Vilhjálmsson lét af störfum sem forstjóri í júní í fyrra þegar Guðmundur Kristjánsson í Brimi varð stærsti hluthafi útgerðarfélagins og tók við sem forstjóri. Fram kemur í ársreikningnum að laun og hlunnindi Vilhjálms hafi numið 693 þúsund evrum í fyrra en inni í þeirri upphæð sé áfallinn launakostnaður vegna starfsloka. Þetta gerir rúmar 88 milljónir króna, miðað við meðalgengi evru á síðasta ári (127), eða jafngildi 7,3 milljóna á mánuði.

Fyrir forstjórastörf sín síðari helming ársins fékk nýr forstjóri og stærsti hluthafi, Guðmundur Kristjánsson, greiddar sem nemur nærri fjórum milljónum á mánuði.

HB Grandi hagnaðist um 4,1 milljarð króna á síðasta ári en Guðmundur hefur lýst afkomunni í heild sem óásættanlegri. Heildarskuldir HB Grandi jukust um ríflega 60 prósent milli ára, úr 240 milljónum evra í 387 milljónir evra. – smj

Óljós kostnaður á göngudeild

SÁÁ hyggst loka göngudeildarþjónustu á Akureyri og segir kostnaðinn við deildina tvær milljónir króna á mánuði. Samningaviðræður SÁÁ og SÍ eru í hnút.

HEILBRIGÐISMÁL Svo virðist sem samskipti SÁÁ og Sjúkratrygginga Íslands séu í hnút. Arnþór Jónsson, framkvæmdastjóri SÁÁ, segir ríkið ekki vilja kaupa göngudeildarþjónustu af samtökunum heldur kaupa nýja þjónustu sem hann viti ekki enn hver er. Því hefur SÁÁ skellt í lás á Akureyri.

Göngudeild SÁÁ hefur verið rekin á Akureyri í aldarfjórðung. Fjárframlag af hálfu ríkisins til starfseminnar er tryggt í fjárlögum þessa árs. „Það kemur því á óvart að SÁÁ ætli að loka göngudeildarþjónustunni tímabundið vegna kostnaðar,“ segir í tilkynningu stjórnarráðsins í gær.

Fréttablaðið hefur undir höndum tölvupóstsamskipti SÁÁ og Sjúkratrygginga Íslands. Ríkinu er skylt samkvæmt lögum um sjúkratryggingar að gera samninga um þá heilbrigðisþjónustu sem ákveðið er að kaupa og því hafa samningaviðræður verið í gangi milli aðila.

Arnþór segir að lokaákvörðun hafi verið tekin fyrir tveimur dögum um að loka göngudeildinni á Akureyri. Þann sama dag sendu Sjúkratryggingar beiðni um gögn frá SÁÁ. Þar er beiðni um ársreikning fyrir árið 2018 auk þess sem stofnunin fer fram á ítarlegar upplýsingar um starfsemi SÁÁ á Akureyri og kostnaðargreiningu hennar. Ekki er hægt að sjá nákvæmlega hver kostnaður við göngudeildarþjónustuna hjá SÁÁ er á Akureyri né hversu margir nýttu sér úrræðið miðað við þær upplýsingar sem



Göngudeild SÁÁ á Akureyri verður lokað innan tíðar og skellt í lás eftir aldursfjórðungs rekstur í bænnum.

Þetta er svolítið flókið að útskýra en hugmyndin með þessu framlagi er að veita tímabundið framlag til að kaupa nýja þjónustu.

Arnþór Jónsson formaður SÁÁ



Fréttablaðið hefur aflað frá SÁÁ. Samt sem áður segir Arnþór við Fréttablaðið að göngudeildin á Akureyri kosti 2 milljónir á mánuði. Í nefndaráliti með meirihluta

fjárlaganefndar við fjárlagafrumvarp þessa árs kemur vilji stjórnvalda skýrt fram. „Gerð er tillaga um 150 milljón króna tímabundið framlag til reksturs SÁÁ. Velferðaráðuneyti feli Sjúkratryggingum Íslands að ganga til samninga um göngudeildarþjónustu á vegum SÁÁ auk þess að styrkja aðra þjónustu í samræmi við stefnumótun,“ segir í nefndarálitinu. Þetta telur Arnþór hins vegar ekki vera nógu skýrt.

„Þetta er svolítið flókið að útskýra en hugmyndin með þessu framlagi er að veita tímabundið framlag til að kaupa nýja þjónustu í stað þeirrar sem verið er að veita nú. Það á þá að leysa tímabundinn vanda til áramóta. Þá myndi nýja

þjónustan hætta,“ segir Arnþór. „Það er í raun ekkert skýrt í þessu og enginn samningur til staðar núna.“ Bæjarráð Akureyrar lýsir yfir vonbrigðum með að samningar náist ekki milli aðila. Málið var tekið fyrir á fundi ráðsins í gær.

„Bæjarráð óskar jafnframt eftir skýringum frá SÁÁ og Sjúkratryggingum Íslands á því hvers vegna samningar hafa ekki náðst. Enn fremur óskar bæjarráð eftir upplýsingum frá Sjúkratryggingum Íslands um hvort til greina komi að semja við aðra aðila um samþærilega göngudeildarþjónustu fyrir fíkla og aðstandendur þeirra á Akureyri,“ segir í ályktun bæjarráðs. sveinn@frettabladid.is

Ráðherra segir umræðuna á villigötum

STJÓRN MÁL „Ég hef fulla trú á því að við Íslendingar komumst ágætlega í gegnum þetta. Ég sé það bæði á framleiðendum og þeim sem starfa hjá okkar helstu stofnunum. Fólk hefur fullan hug á því að gefa engan afslátt frá þáttum sem geta ógnað lýðheilsu eða bústofnum, það hefur enginn áhuga á því,“ segir Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, í samtali við Fréttablaðið.

Kristján Þór fundaði með almenningi á Þjóðminjasafninu í gær, er það hans annar fundur til að kynna væntanlegt frumvarp sitt sem heimilar innflutning á fersku kjöti og eggjum til landsins. Líkt og Fréttablaðið hefur greint frá óttast margir afleiðingar frumvarpsins, þá helst það að hingað berist sýklaónæmar bakteríur sem verði til þess að sprauta þurfi sýklalyfjum í íslenskt kjöt.

Kristján Þór sagði á fundinum í gær að umræðan væri á villigötum.

Þetta er ekki einhver pólitískur áróður eins og margir halda sem segja að ég eigi að standa í minar svarfdælsku lappir.

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra



Frysting á kjöti hafi engin áhrif á sýklaónæmar bakteríur. „Það er búið að flytja inn hrátt kjöt í mörg ár. Það er flutt inn mikið af kjöti umfram tollkvóta, nærri 4 þúsund tonn árið 2017. Þá spyr ég, hvernig hefur fólk liðið með það?“ Honum var nokkuð heitt í hamsi þegar hann ræddi um umræðuna en Bændasamtökin, ásamt fleirum, hafa fullyrt að frumvarpið þýði uppgjöf. Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbún-

aðarráðherra, hefur meðal annars borið frumvarpið saman við uppgjöf Íslendinga í þorskastríðinu.

Kristján Þór sagði mikið lagt upp úr aðgerðaáætluninni og er hann viss um að hægt sé að standa við bann á innflutningi á sýktu kjöti. „Þetta er ekki einhver pólitískur áróður eins og margir halda sem segja að ég eigi að standa í minar svarfdælsku lappir.“

Hann sagði jafnframt að það væri ekkert annað í stöðunni, stjórnvöld hefðu velt málinu á undan sér í mörg ár og nú væri komið að endastöð. „Skilaboðin frá EFTA-dómstólnum eru einföld, við þurfum að breyta löggjöfinni. Þá gerum við það,“ sagði Kristján Þór. Frumvarpsdrögin eru nú í samráðsgátt stjórnvalda. Ráðherra á von á því að leggja frumvarpið fram eftir rúman hálfan mánuð. Lögin taki svo gildi 1. september næstkomandi. Biðlaði hann til þeirra sem væru ósáttir að senda inn umsögn fyrir 6. mars. – ab

HVAR ENDA ÞÍN ÁHRIF?

Akstur undir áhrifum vímuefna er aldrei réttlætanager. Ökum allsgáð.

Minningarsjóður Lovísu Hrundar | lovisahrund.is



TAX FREE

AF ÖLLUM VÖRUM*

1. - 4. MARS

*Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði.
Gildir á meðan birgðir endast.

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af allri sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað ILVA

Blómkálið selst vel í ketó-æði

LÍFSSTÍLL Sprenging er í sölu á blómkáli. Stærsti innflutningsaðili grænmetis á landinu, Bananar ehf., þurfti á dögunum að flytja blómkál með flugvél beint frá Hollandi.

Kjartan Már Friðsteinsson, framkvæmdastjóri Banana, segist ætla að salan hafi aukist um helming, jafnvel 50-60 prósent. „Það kom ein vika sem það kláraðist hjá okkur. En það er enginn skortur á framboði,“ segir hann um markaðinn í Evrópu.

Talið er að skyndilega aukna ásókn Íslendinga í blómkál megi rekja til ketó-mataræðis og/eda vinsælda lágkolvetnafeðis.

Fleiri tegundir grænmetis eru þessum eiginleikum gæddar, til dæmis spergillkál. Sala á því jókst hjá Innsemi um 19 prósent í janúar og febrúar. Merkjanleg aukning sé líka í sölu á kúrbít og eggaldinum. Hvort tveggja er afurð með mjög litlu kolvetnainnihaldi. -bg



Næstu skref gætu ráðist á vettvangi Félagsdóms

KJARAMÁL Atkvæðagreiðsla um verkfallsboðun hjá félagsmönnum Eflingar sem starfa við þrif á hótélum lauk klukkan 22 í gærkvöldi. Til stóð að hefja talningu atkvæða strax í kjölfarið en niðurstöður atkvæðagreiðslunnar lágu ekki fyrir þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Fyrirhugað verkfall verður tímabundið og á að vara frá klukkan 10 að morgni föstudagsins 8. mars og til miðnætis sama dag. Samkvæmt nýlegri könnun meðal félagsmanna Eflingar voru um 80 prósent þeirra hlynnt því að fara í verkfall til að knýja fram launakröfur verkalýðshreyfingarinnar.

Að sögn Viðars Þorsteinssonar, framkvæmdastjóra Eflingar, var haldið áfram í gær að safna utan- kjörfundaratkvæðum á hótélum. Fór atkvæðagreiðslubíll Eflingar meðal annars til Hveragerðis.

Er Fréttablaðið ræddi við Viðar í gær lágu ekki fyrir nákvæmar tölur um þátttökuna í atkvæðagreiðslunni. „Við erum alla vega komin með fjölda sem sambærilegur við þann fjölda sem verkfallsboðunin nær til.



Samninganefnd Eflingar á fundi um stöðuna í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Við erum mjög ánægð með það,“ segir Viðar.

Verði verkfallsboðunin samþykkt í atkvæðagreiðslunni á enn eftir að fá úr því skorið hvort löglega hafi verið staðið að henni. Samtök atvinnulífsins kærðu framkvæmdina til Félagsdóms þar sem þau telja það ekki samrýmast lögum að allir starfsmenn sem heyra undir kjarasamning vegna hótela og veitingastaða séu á kjörskrá en verkfallið sjálft nái aðeins til hluta þessara starfsmanna.

Málið verður þingfest hjá Félagsdómi í dag að því gefnu að verkfallið verði samþykkt. Málflutningur færir síðan fram á mánudaginn.

„Að síðaðra manna hætti þá er búið að semja um það að láta þetta gerast fljótt og vel. Við þurfum að fá túlkun á þessu ákvæði laganna og mun hún vonandi liggja fyrir um miðja næstu viku,“ segir Magnús M. Norðdahl, formaður kjörstjórnar Eflingar.

Hann bendir á að samkvæmt eldri

Við erum alla vega komin með fjölda sem er sambærilegur við þann fjölda sem verkfallsboðunin nær til.

Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar

lögum hafi verið heimilt að taka slíka ákvörðun um allsherjaratkvæðagreiðslu. Þegar þeim lögum hafi verið breytt 1996 hafi Páll Pétursson, þáverandi félagsmálaráðherra, sagt að ekki stæði til að þrengja heimildir verkalýðsfélaganna.

„Það reyndi oft á túlkun á eldri lögum um þegar sameiginleg trúnaðarmannaráð félaganna tóku ákvarðanir um bindandi verkfall fyrir miklu minni hóp.“

Þá hefur vafi leikið á því hvort lágmarksþátttöku, sem er fimmtungur á kjörskrá, þurfi til að atkvæðagreiðslan teljist lögleg. Forsvarsmenn Eflingar telja það ákvæði ekki eiga við en það gæti komið í hlut Félagsdóms að skera úr um það. -sa



Komin í bíó

Sýnd með íslensku, ensku og pólsku tali

LAUGARÁS BÍÓ SMÁRA BÍÓ HÁSHÓLA BÍÓ

ALFABARKI SMÁRA BÍÓ BORGAR BÍÓ



Helsta röksemdin gegn klukkubreytingu er að það dragi úr sólskinsstundum síðdegis. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Tveir þriðju hlynntir klukkutíma seinkun

Frestur til að skila umsögnum um tillögur að breyttum staðartíma á Íslandi rennur út eftir rúma viku. Hingað til eru flestir á því að seinka skuli klukkunni. Sumir leggja til tilraunaverkefni á Vestfjörðum eða að flýta klukkunni.

HEILBRIGÐISMÁL Tæplega tveir af hverjum þremur umsagnaraðilum um mögulega klukkubreytingu hér á landi eru hlynntir því að klukkunni verði flýtt. Um þriðjtu prósent eru á því að ekki eigi að hrófla við klukkunni.

Forsætisráðherra lagði í upphafi árs fram til umsagnar tillögur um mögulega tímabreytingu hér á landi. Gefnir voru þrjú kostir. Í fyrsta lagi óbreyttan tíma en að lagst yrði í fráðsluáttak til að fá fólk til að háta sig fyrr. Í öðru lagi að klukkunni yrði seinkað um klukkustund frá því sem nú er í samræmi við hnattstöðu landsins. Þriðji kosturinn fól í sér óbreytt ástand en að skólar, og mögulega fyrirtæki og stofnanir, myndu hefja starfsemi klukkustund síðar á morgnanna.

Þegar þetta er ritað hafa tæplega 1.300 umsagnir borist. Skoðun á þeim leiðir í ljós að þeir sem vilja breyta klukkunni eru nærri tvöfalt fleiri en þeir sem vilja það ekki. Tæp fimm prósent eru á því að hafa óbreytta stöðu en seinka skólum og stofnunum. Hluti umsagnaraðila hefur sent inn fleiri en eina umsögn og var þess gætt að telja aðeins eina umsögn frá hverjum og einum.

Flestir sem kjósa óbreyttan tíma-reikning styðja það þeim rökum að

Skíðafólk, hestafólk, skokkarar, golfarar, göngufólk og allir sem njóta útiveru missa heila klukkustund síðdegis.

Andri Snær Magnason rithöfundur



þeir vilji halda í dagsbirtu síðari hluta dagsins. Einhverjum finnst meira að segja ekki nóg að halda í óbreytt ástand heldur leggja til að klukkunni verði flýtt um eina til tvær klukkustundir til að lengja síðdegisbirtuna enn meir. Þá leggur rúmlega eitt prósent umsagnaraðila það til að hér verði tekinn upp sumar- og vetrartími. Enn öðrum finnst ekki nóg að seinka klukkunni um klukkustund og leggja því til að henni verði seinkað um níutíu mínútur.

Tillögurnar eru byggðar á vinnu starfshóps heilbrigðisráðherra sem lagði það til, með tilliti til lýðheilsusjónarmiða, að tímareikningur yrði í samræmi við legu landsins. Þess

finnst dæmi hjá umsagnaraðilum að niðurstada vinnuhóps „sérfræðinga“ sé mjög leiðandi og þvingi seinkuninni upp á fólk. Enn aðrir leggja til að hægt sé að byrja með tilraunir með klukkuseinkun á ákveðnum landsvæðum, til að sjá hvernig það reynist, og stingur upp á Vestfjarðakjálkanum í því samhengi.

„Birtan á morgnana gegnir mikilvægu hlutverki í gangverki svefns og vöku sem þarf að endurstilla daglega. Misræmi staðarklukkku og líkamsklukkku hefur líklega verst áhrif á skólabörn og ekki síst unglíngla í framhaldsskólum,“ segir í umsögn Jörgens L. Pind, prófessors í sálfræði.

Rithöfundurinn og forsetafram- bjóðandinn fyrrverandi, Andri Snær Magnason, er á öðru máli. „Skíðafólk, hestafólk, skokkarar, golfarar, göngufólk og allir sem njóta útiveru eftir vinnu missa heila klukkustund síðdegis. Þau áhrif verða mælanleg í lýðheilsu hvað varðar geðheilsu, virkni, hjarta- og æðasjúkdóma og aðra þætti sem stafa af kyrrsetu nútímafólks,“ segir í umsögn hans.

Tillögurnar eru til umsagnar í samráðsgátt ríkisstjórnarinnar til 10. mars. joli@frettabladid.is

LAGERSALA LÍN DESIGN

FLATAHRAUNI 31 HAFNAFIRÐI Á MÓTI KAPLAKRIKA

ALLT AÐ
80%
AFSLÁTTUR

FÖSTUDAG KL15.00-18.00

LAUGARDAG KL11.00-17.00

SUNNUDAG KL12.00-17.00

Lin
DESIGN



Donald Trump, forseti Bandaríkjaanna. NORDICPHOTOS/AFP

Féllst ekki á kröfu Kim

VIETNAM Leiðtogafundi Donalds Trump Bandaríkjaforseta og Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, í vietnömsku borginni Hanoi lauk í gær án undirritunar sameiginlegrar yfirlýsingar. Trump sagðist hafa hafnað kröfum Norður-Kóreumanna um afnám þvingana í skiptum fyrir kjarnorkuafvopnum.

„Þetta snerist allt um þvinganirnar. Þau vildu að þvingunum yrði alfarið aflétt og við gátum ekki fallist á það. Stundum þarf maður einfaldlega að ganga frá borðinu og þannig var þetta núna,“ sagði Trump á blaðamannafundi. Bætti því við að ekki hafi verið rætt sérstaklega um þriðja fund leiðtoganna en hann væri þó vongóður um að árangur næðist í framtíðinni.

Ri Yong Ho, utanríkisráðherra Norður-Kóreu, sagði síðar í gær að Norður-Kórea hefði einungis farið fram á að hluta þvingana yrði aflétt.

Forsetaembætti Suður-Kóreu sagði í yfirlýsingu að það væri miður að ekki hefði náðst meiri árangur í viðræðunum. Ríkin tvö væru þó komin lengra í viðræðum nú en nokkurn tímann áður.

„Ég hlakka til þess að sjá frekari árangur í komandi viðræðum ríkjanna tveggja,“ sagði Moon-Jae In forseti.

Trump var gagnrýndur fyrir að segjast trúa því að Kim hafi ekki vitað um eða komið nálægt andláti bandaríska námsmannsins Otto Warmbier. Sá var handtekinn í Pjongjang fyrir að stela áróðursveggspjaldi árið 2016 en lést skömmu eftir að hann kom heim árið 2017, samkvæmt bandarískum dómstólum vegna pyntinga. – þea

Khan reynir að stilla til friðar

Pakistanar leysa fangelsaðan indverskan herflugmann úr haldi. Indverjar taka vel í ákvörðunina. Herforingjar beggja ríkja kveðast þó enn í viðbragðsstöðu enda er togstreitan á milli ríkjanna mikil.

PAKISTAN Imran Khan, forsætisráðherra Pakistans, tilkynnti í gær um að indverski herflugmaðurinn sem Pakistanar handtóku eftir að þeir skutu niður indverskar herflugvélar yrði leystur úr haldi í dag og fluttur til heimalandsins.

Togstreitan á milli kjarnorkuveldanna tveggja hefur aukist gríðarlega frá því að liðsmaður hryðjuverkasamtakanna JeM felldi fjórutíu Indverja í Pulwama í indverska hluta Kasmír fyrir tveimur vikum.

Indverjar áfellaðast Pakistana, segja að þeir ættu að hafa upprætt starfsemi JeM fyrir löngu. Síðan þá hafa Indverjar sagst hafa gert loftárás á þjálfunarbúðir JeM, hermenn hafa skotið hvorir á aðra á hinum eiginlegu landamærum í Kasmír og Pakistanar sagst hafa gert loftárásir á indverska hluta Kasmír auk fyrrnefndrar gröndunar indverskra herflugvéla.

Khan var lofaður fyrir ákvörðun sína í gær og sagður sækja í átt að friði. „Þetta gleður mig mjög. Ég hafði krafist lausnar hans. Þetta er skref í átt að bættu sambandi og ég vona að þessi þróun haldi áfram,“ sagði Amarinder Singh, ædsti ráðherra hins indverska Púnjab-ríkis.

En forsætisráðherrann og fyrrverandi kriketstjarnan Khan tók skýrt fram að þótt Pakistanar vildu vissulega létta á spennunni á milli ríkjanna mætti ekki horfa á ákvörðunina sem merki um veikleika.

„Indverjar hafa ákveðið að ala á einhverri stríðsmóðursýki. Ég vil hrósa pakistönskum fjölmiðlum fyrir ábyrgðarfulla umfjöllun þeirra. Okkar miðlar hafa ekki tekið þátt í þessari móðursýki,“ hafði pakistanski miðillinn Tribune eftir Khan, sem minntist í sömu andrá á að kosningar væru á döfinni í grannríkinu.

Asif Ghafoor, upplýsingafulltrúi pakistanska hersins, hélt enn einn blaðamannafundinn í gær og sagði



Þessir pakistönsku mótmælendur kröfðust friðar í gær, enda þróun síðustu vikna iskyggileg. NORDICPHOTOS/AFP

Indverjar hafa ákveðið að ala á einhverri stríðsmóðursýki.

Imran Khan, forsætisráðherra Pakistans

að pakistanski herinn væri enn í viðbragðsstöðu við hin eiginlegu landamæri í Kasmír.

„Á undanförunum tveimur sólarhringum hafa Indverjar brotið gegn vopnahléinu í Kotli, Kjuiratta og

Tatta Pani við landamærin. Pakistanskir hermenn hafa svarað í sömu mynt. Fregningur berast af mannfalli indverskra hermanna og tjóni á indverskum herstöðvum. Visvitandi árásir Indverja á almenna borgara hafa leitt af sér fjóra píslarvottadauða,“ sagði Ghafoor á fundinum. Það hann almenning um að gleypa ekki við öllum orðrómi sem þeir heyra.

Ög Indverjar eru sömuleiðis í viðbragðsstöðu. Narendra Modi forsætisráðherra kallaði saman helstu ráðgjafa, herforingja og ráðherra á neyðarfund í gær en ekki liggur fyrir hvað þar fór fram.

Æðstu yfirmenn indverskra hers-

ins boðuðu svo til blaðamannafundar þar sem þeir sögðust tilbúnir til þess að takast á við allar mögulegar aðgerðir Pakistana, hvað sem laus fangans liður. Þeir sögðu pakistanska herinn hafa aukið á togstreituna með því að ráðast á indverska hernaðarinnviði á miðvikudaginn.

„Pakistanski flugherinn reyndi að skemma innviði okkar en indversk herflugvél hrakti þá á brott. Pakistanskar sprengjur hafa fallið á indverskar herstöðvar en ekki valdið neinu meiriháttar tjóni,“ hafði Times of India eftir R.G.K. Kapoor, marskálki í flughernum. thorgnyr@frettabladid.is

Netanjahú sóttur til saka

ÍSRAEL Avichai Mendelblit, ríkissaksóknari Ísraels, hefur í hyggju að ákæra Benjamín Netanjahú forsætisráðherra. Hann hyggst, að undangengnum yfirheyrslum, gefa út ákærur á hendur Netanjahú fyrir aðild að þremur aðskildum málum. Netanjahú verður til að mynda sakaður um mútuþægni, fjársvik og vanrækslu. Frá þessu greindi Mendelblit í gær.

Fyrsta málið snýst um meistar gjafir Hollywood-framleiðandans Arnons Milchan sem hann á að hafa gefið Netanjahú í skiptum fyrir pólitíska greiða. Netanjahú hefur borið því fyrir sig að það sé eðlilegt að þiggja gjafir frá vinum og að ýmsar ákvarðanir hans hafi hreinlega bitnað á hagsmunum Milchans.

Annað málið snýst um samning Netanjahús og útgefandans Arnons Mozes um að fjölmiðill Mozes myndi birta jákvæðar fréttir um forsætisráðherrann í skiptum fyrir löggjöf sem bitnaði á samkeppnisadilunum. Netanjahú hefur sagt að þeir Mozes hafi leikið hvor á annan og þeir hafi aldrei ætlað sér að láta verða af þessu.

Þriðja og síðasta málið snýst um pólitíska greiða fyrir Shaul Elovitch, eiganda fjarskiptarisans Bezeq, í skiptum fyrir jákvæða fjölmiðlaumfjöllun á vefmiðli Bezeq. Netanjahú hefur sagt að jákvæð umfjöllun geti ekki talist mútur.

„Þú hefur skaðað ímynd stjórnkerfisins og rúið það

Þú hefur skaðað ímynd stjórnkerfisins og rúið það trausti.

Avichai Mendelblit, ríkissaksóknari Ísraels

trausti. Þú skapaðir gifurlegan hagsmunaárekstur og misnotaðir vald þitt með eigin hagsmuni að leiðarljósi. Þú spilltir undirmönnum þínum,“ sagði í yfirlýsingu frá saksóknaranum.

Samkvæmt ísraelska miðlinum Haaretz fór Likúd, flokkur Netanjahús, fram á það við hæstarétt að tilkynningin yrði ekki gefin út. Því var hafnað og sagði flokkurinn að dómstólnum hafi mistekist að koma í veg fyrir óeðlileg áhrif vinstri flokka á komandi kosningar.

Kosið er til þings þann 9. apríl. Likúd mælist með næstmest fylgi, 29 prósent, en kosningabandalagið Kachol Lavan með 36 prósent.

– þea



Benjamín Netanjahú.

Staða kjaraviðræðna og fyrirhugaðar verkfallsaðgerðir

Stjórn VR boðar til opins upplýsingafundar fyrir félagsmenn VR að Hilton Reykjavík Nordica hóteli, kl. 19.30 þriðjudaginn 5. mars næstkomandi.

Fundurinn fer fram á íslensku en verður túlkaður yfir á ensku.

Stjórn VR.

TAX FREE

Risa Tax Free helgi
föstudag til sunnudags

BLÓMAVAL ALLAR VÖRUR

Pottaplöntur, afskorin blóm, gjafavara og allar aðrar vörur!

MÁLNING

LADY málning, Jotun inni- og útimálning, lökk, spreibrúsar o.fl.

BÚSÁHÖLD OG HEIMILISVARA

Pottar, pönnur, diskar, glös, hreinsiefni o.fl.

LJÓS*

Loftljós, kastarar, veggjós, baðljós, útiljós o.fl.

BAÐHERBERGIÐ

Blöndunartæki, handlaugar, salerni, baðkór o.fl.



Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti.
*Gildir ekki af HUE. Að sjálfsgöðu stendur Húsasmiðjan
skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.



Byggjum á betra verði

Nýtum færið



Hörður Áegisson
hordur@frettabladid.is

Það hefur flest fallið með okkur á undanförunum árum. Þannig hafa utanaðkomandi þættir, hagstæð viðskiptakjör og lágt oliuverð, verið okkur hagfelldir og þá hefur stjórnvöldum tekist að leysa farsælega úr öllum stærstu eftirmálum fjármálahrunsins, ekki hvað síst við losun fjármagnshafna. Uppsveiflan hefur ekki byggt á erlendri skuldsetningu heldur einkum vexti útflutningstekna. Viðskiptaafgangur hefur verið viðvarandi og erlend staða þjóðarþúsins aldrei betri. Á sama tíma og við höfum upplifað efnahagsuppgang hefur verðbólgan haldist um eða undir verðbólgu markmiði sem aftur hefur gefið Seðlabanknum færi á að lækka vexti. Þetta hefur með öðrum orðum verið einstakt tímabil í íslenskri hagsögu – og ef við förum ekki fram úr okkur er útlitið bjart.

Lífskjör langsamlega flestra Íslendinga, en auðvitað ekki allra, hafa því batnað stórkostlega á aðeins örfáum árum. Frá 2015 hefur kaupmáttur aukist um fjórðung en til samanburðar nemur uppsöfnuð kaupmáttaraukning síðustu þrjátíu ára samanlagt um 65 prósent. Aðilar vinnumarkaðarins ættu að sammælast um að leggja áherslu á að varðveita þennan mikla og skjóta árangur með skynsamlegum kjarasamningum, sem hafa það að markmiði að festa í sessi efnahagsstöðugleika síðustu ára, en um leið horfa til sértækra aðgerða – með aðkomu stjórnvalda og sveitarfélaga – sem miða að því að bæta stöðu þeirra lægst launuðu, einkum á húsnæðismarkaði. Á slíkri niðurstöðu myndu allir launþegahópar græða.

Hin leiðin, sem við þökkjum svo vel, myndi hins vegar aðeins færa okkur enn eina efnahagslegu kollsteypuna. Viðvarandi óstöðugleiki á vinnumarkaði, þar sem jafnan er samið um launahækkningar langt umfram framleiðni- aukningu, er ein helsta ástæða þess að Íslendingar hafa búið við þrjátíu ára sveiflu í gengismálum. Niðurstaðan af því að virða að vettugi þessar einföldu hagstjórnarreglur hefur verið meiri verðbólga og hærri vextir en þekktist í okkar nágrennaríkjum. Þær launakröfur sem nú eru settar fram í yfirstandandi kjaraviðræðum væru aðeins til þess fallnar að viðhalda þessu ástandi. Ekki aðeins myndum við sjá fram á tímabil aukinnar verðbólgu og vaxtahækkana Seðlabankans heldur yrði afleiðingin einnig meiri verðhækkningar en ella á fasteignamarkaði sem myndi hitta þá verst fyrir, einkum ungt fólk, sem nú eru að reyna að fjármagna kaup á eigin húsnæði. Það getur ekki verið markmiðið með kröfum sumra stéttarfélaganna.

Ísland er í einstakri stöðu. Vegna sterkrar stöðu þjóðarþúsins – meðal annars hóflegar verðbólgu, fjárlaga-afgangs, litilla skulda rikissjóds, mikils viðskiptaafgangs – eru allar forsendur fyrir hendi til að vextir geti lækkað enn frekar á komandi árum. Á opnum fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í síðustu viku benti Már Guðmundsson seðlabankastjóri á að „við værum örugglega með lægri vexti núna“ ef langtímaverðbólguvæntingar hefðu ekki farið hækkandi að undanförunum. Sú þróun hefur ekki síst stafað af óvissu á vinnumarkaði. Þá sagði seðlabankastjóri við sama tilefni að það væri „skrifað í kortin að ef við fáum kjarasamninga sem samrýmast verðbólgu- markmiðinu og við erum að horfa upp á þessa kólnun halda áfram með þessum hætti þá skapast svigrúm til þess að verðbólguvæntingarnar lækki og við getum lækkað vexti enn neðar“. Fyrir íslensk heimili myndi fátt hafa í för með sér meiri kjarabætur. Nýtum færið.



Hin leiðin, sem við þökkjum svo vel, myndi hins vegar aðeins færa okkur enn eina efnahagslegu kollsteypuna.

Halldór



Frá degi til dags

Dagur frelsis... Bjórdagurinn mikli er runninn upp og miðað við fögnuðinn mætti skoða hvort ekki þurfi að færa þjóðhátíðardaginn til um leið og klukkunnar verður breytt. Einhver veginn eins og Íslendingar hafi hvorki getað talist fullvalda né frjáls þjóð fyrr en hún fékk að drekka áfengt öl fyrir rennisléttum 30 árum. Þeir sem voru á móti bjórnum spáðu því sem næst heimsendi í kjölfar hans. En hér erum við enn og gott ef drykkjumening landans hefur ekki tekið nokkrum framförum á meðan rifist er um innflutning á hráu kjöti. Getur verið að mannskapurinn verði svo bara í fullu fjöri á kjötdegnum mikla 2050?

... og vonleysis
1. mars er ekki aðeins bjórdagur, heldur líka útborgunardagur og misánægjulegur sem slíkur. Íslenskir gulvestungar segja þetta dag ójafnaðar og vonleysis fyrir fólk með lægstu launin og hvetja fólk til þess að eiga ekki viðskipti við Haga með vísan til 2.073% launamunar á milli forstjóra fyrirtækisins og þeirra lægst launuðu. Hætt við að bjórþjóðin gleymi þessu á meðan hún spreðar laununum á barnum þannig að herútkall þeirra gulu muni fyrst og fremst færa Vigdís Hauksdóttur glæný slagorð þar sem henni er lagið að snúa flestum slæmum dögum upp á nafna þeirra B. Eggertsson. thorarinn@frettabladid.is

Lög um samþykki – er það nóg?



Jón Steindór Valdimarsson, þingmaður Viðreisnar

Við erum sem betur fer að vakna til vitundar um skelfilegar og langvinnar afleiðingar kynferðis- ofbeldis og að ofbeldi af þessu tagi er útbreitt samfélagslegt mein sem við verðum að horfast í augu við og hefjast handa án tafar til að vinna bug á því. Að frumkvæði Viðreisnar var á síðasta ári gerð mikilvæg breyting á skilgreiningu nauðgunar í hegningarlögum og tekin upp svokölluð samþykkisregla. Í henni felst í stuttu máli að hver sá sem hefur kynferðismök við aðra manneskju án samþykkis gerist sekur um nauðgun og að samþykki telst liggja fyrir ef það er tjáð af frjálsum vilja, en ekki ef beitt er ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögum nauðgun.

Með þessari breytingu gefur löggjafinn út refsipólítiska yfirlýsingu sem er skýr og afdráttarlaus og er ætlað að takast á við samfélagslegt mein sem felst í kynferðislegu ofbeldi. Samþykki og frjáls vilji eru grundvallatriði og gefin er skýr yfirlýsing um leiðarstefi samskiptum kynjanna þegar kynferðislegt samneyti er annars vegar sem er kynfrelsi og sjálfsákvörðunarréttur hvers og eins. Nauðsynlegt er að koma efni hennar til skila út í samfélagið, þar með talið réttarvörslukerfið sjálft, þannig að reglan verði virkjuð með réttum hætti og skili sér inn í rannsóknir mála frá upphafi til enda og loks til dómstólanna sem dæma.

Viðreisn hefur lagt fram tillögu um þingsályktun um fræðslu um kynjafræði, kynfrelsi, sjálfsákvörðunarrétt og þyðingu samþykkis í kynferðislegum samskiptum og verja til þess nauðsynlegum fjármunum.

Punginn verði lagður í gerð fræðslu og miðlunar þess. Sjónum verði beint að öllum skólastigum sem og öllum stofnunum réttarvörslukerfisins. Þá verði sérstök áhersla lögð á að styrkja frjáls félagsamtök, fjölmiðla og stofnanir til miðlunar fræðslu og sérstakra herferða.

Fjárútlát á þessu sviði eru smámunir miðað við þann ávinning sem er í húfi, samfélagslegan sem fjárhagslegan, til lengri tíma. Að bæta lögin er nefnilega ekki nóg, það þarf að upplýsa fólk og fræða og það skilar sér í færri nauðgunum. Sá árangur er hværrar krónu virði.



Fjárútlát á þessu sviði eru smámunir miðað við þann ávinning sem er í húfi, samfélagslegan sem fjárhagslegan

SUNSTAR
GUM
HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.®

Tannlæknar mæla með GUM tannvörum

Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?

Fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum



ARTASAN

www.artasan.is

Kærleiksríkur heimsfriður

Í DAG

Þórlindur
Kjartansson

Þann 19. nóvember 2004 urðu í Detroit í Bandaríkjunum einhver mestu hópsslagmál í sögu NBA-deildarinnar í körfubolta. Þann dag áttust við heimamenn í Detroit Pistons og hinir gestkomandi Pacers frá Indiana. Þegar minna en mínúta var eftir og öruggur sigur Indiana í höfn fékk hinn stæðilegi miðherji heimamanna, Ben Wallace, þægilegt færi til að leggja boltann ofan í körfuna. Þá kom skotframherji gestanna, Ron Artest, aðvifandi og braut frekar harkalega á honum og sendi hann á vitalínuna. Brotið var ekki óvenjulegt nema fyrir þær sakir að niðurstaða leiksins var þegar ráðin og ekki til síðs að brjóta af sér við slíkar aðstæður—en í ofanálag var Wallace skelfileg vítaskytta og mátti því túlka brot Artest sem tilraun til að niðurlægja hann. Wallace (206 sm og 110 kg) tók þessu illa, hrinti hinum lágvaxnari Artest (201 sm og 115 kg) harkalega og upphófst eltingarleikur um allan völl, hnefahögg og hrindingar.

Þegar útlit var fyrir að leikmenn hefðu róast lagðist Artest upp á borð stigavardanna í ögrandi afslöppunarstillingu. Þá varð einum áhorfandanum á sú skyssa að kasta drykkjarmáli í framherjann og skipti þá engum togum að Artest rauk upp í áhorfendapalla, sneri niður áhorfandann og lamdi hann hressilega með stuðningi liðsfélaga sinna. Ólætin héldu áfram nokkrar mínútur þar sem Artest slóst við áhorfendur og á endanum var leikurinn flautaður af.

Eins og gefur að skilja fékk Artest langt keppnisbann og flæmdist frá Indiana.

En eftir því sem leið á ferilinn fór hann að hugsa ráð sitt betur og svo fór að hann uppgötvaði búddisma og snerist til trúar á ástina og byrjaði að stunda kærleikshugleiðslu. Það gekk meira að segja svo langt að eitt árið mætti hann til leiks sem nýr maður með nýtt nafn. Nú var hann ekki lengur vandræðabarnið Ron Artest—heldur hafði hann breytt nafninu sínu í Metta World Peace.

Nafnið er komið til af ákveðinni tegund hugleiðslu sem margir Búddistar iðka. Hugleiðslan felst í því að iðkandinn hugsar af kærleika til alls konar fólks, venslafólks og óskyldra, og reynir að senda þeim hlýja og jákvæða strauma.

Það mun hafa sannast í rannsóknnum að þessi tegund hugleiðslu, svokölluð Metta hugleiðsla, hafi sérstaklega jákvæð áhrif á fólkið sem iðkar hana. Hugleiðandinn sendir sína jákvæðu strauma í ýmsar áttir; oftast til velgjörðarmanns, vinar, sjálfs sín, hlutlaus aðila, til allra lifandi vera og meira að segja til óvinnar síns. Reyndar kalla búddistarnir það yfirleitt ekki óvini heldur segja manni að senda kærleikann til manneskju sem er manni óþægur ljár í þúfu eða veldur manni almennt leiðindum og vandræðum.

Tökum dæmi um hvernig þetta gæti virkað. Ef fyrrverandi utanríkisráðherra hefði sest afsíðis í Alþingishúsinu daginn sem hann endaði á Klausturbarnum, stíllt niðurteljarann á símanum á nokkrar mínútur og hugsað kærleiksríkar hugsanir til sín sjálfs, vinnar síns (til dæmis Bergþórs), velgjörðarmanns (til dæmis Sigmundur Davíðs), ótengds aðila (til

dæmis Báru á barnum) og svo til óvinnar síns (Lilju Alfreðsdóttur) þá hefði hann getað farið með eftirfarandi kveðju til þeirra allra: Ég óska þér visku, innri friðar og lausnar frá þjáningu. Ef hann hefði byrjað daginn svona, þá er alls ekki víst að hann hefði verið stemmdur til þess að tala eins og hann gerði síðar um kvöldið.

Og ef allir hinir þingmennirnir sem andmunkarnir töluðu svona illa um í Klaustrinu hefðu sest niður í nokkrar mínútur þegar

þeir fréttu af leiðindunum og fyllerísrausinu og hugsað til þeirra kærleiksríkar hugsanir—að þeim öðlist viska, innri friður og lausn frá þjáningu—þá er alls ekki víst að þeir hefði orðið svona ofsalega reiðir, sárir og grimmir í hefndarþorsta sínum og réttlátri reiði.

Auðvitað sjá allir hversu fátánleg þessi hugarleikfimi er. Hvers konar samfélag væri það nú ef fólk væri alltaf að senda kærleiksríkar hugsanir hvert til annars? Ætlumst við ekki til þess að þingmenn þjóðar-

innar hafi bein í nefinu, og svari hverjum kinnhesti með krepptum hnefa?

En þó er það líklega þannig að það krefst meira hugrekks að fyrirgefa heldur en að hefna. Þetta getur Metta World Peace vitnað um. Honum leið miklu betur eftir að hafa tamið sér hin kærleiksríku fræði búddískrar yfirvegunar og hætt að vera alltaf svona reiður út í heiminn. Svona almennt séð, að minnsta kosti.

Það liðu nefnilega ekki nema

nokkrir mánuðir frá því Ron Artest skipti um nafn þangað til hann var dæmdur í sjö leikja bann fyrir að gefa James Harden harkalegt olnbogaskot í andlitið. Allur þessi kærleikur er góðra gjalda verður, en virkar greinilega ekki alltaf—jafnvel þótt maður hafi gengið svo langt að breyta nafni sínu.

En það hefur að minnsta kosti verið fyndið svar þegar Harden var spurður út í hver hafði gefið honum glóðaraugað: „Það var Kærleiksríkur Heimsfriður.“

Aðalfundur Festi hf.

Aðalfundur Festi hf. verður haldinn fimmtudaginn 21. mars 2019 klukkan 10.00 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi.

Dagskrá fundarins

- Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
- Skýrsla forstjóra og ársreikningur kynntur.
- Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins.
- Ákvörðun tekin um greiðslu arðs vegna rekstrarársins 2018.
- Tilnefningarnefnd kynnir skýrslu sína og tillögur.
- Stjórnarkjör.
- Tillaga stjórnar um skipun tveggja einstaklinga í tilnefningarnefnd.
- Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfirma.
- Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar.
- Tillaga stjórnar að starfskjarastefnu félagsins.
- Tillaga tilnefningarnefndar um breytingar á starfsreglum nefndarinnar.
- Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
- Önnur mál löglega upp borin.

Tillögur

- Ársreikningur (liður 3)
Stjórn leggur til að ársreikningur fyrir árið 2018 verði samþykktur.
- Arðgreiðsla (liður 4)
Stjórn leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur út arður vegna rekstrarársins 2018.
- Tillögur tilnefningarnefndar (liður 5)
tilnefningarnefnd leggur til óbreytta stjórn félagsins. Í stjórn eru:
Margrét Guðmundsdóttir
Þóður Már Jóhannesson
Guðjón Reynisson
Kristín Guðmundsdóttir
Björgólfur Jóhannsson
- Tilnefningarnefnd
Stjórn leggur til við aðalfund að Sigrún Ragna Ólafsdóttir og Tryggvi Pálsson verði kjörin í tilnefningarnefnd.

- Þóknun til stjórnar (liður 9)
Stjórn leggur til við aðalfund að stjórnarlaun komandi starfsárs verði sem hér segir:

Stjórnarformaður fái kr. 740.000 á mánuði.
Varaformaður stjórnar fái kr. 555.000 á mánuði.
Aðrir stjórnarmenn fái kr. 370.000 á mánuði.
Fulltrúar í starfskjaranefnd fái kr. 52.000 á mánuði og formaður starfskjaranefndar kr. 103.000 á mánuði.
Fulltrúar í endurskoðunarnefnd fái kr. 82.000 á mánuði og formaður endurskoðunarnefndar kr. 145.000 á mánuði.
Formaður fjárfestingaráðs fái kr. 145.000 á mánuði.
Formaður tilnefningarnefndar fái kr. 145.000 á mánuði, nefndarmaður kr. 123.000 á mánuði og fulltrúi stjórnar Festi í nefndinni fái kr. 82.000 á mánuði.
Lagt er til að þóknun til tilnefningarnefndar fyrir starfsárið 2018/2019 verði að formaður nefndarinnar kr. 1.680.000, kjörinn fulltrúi fái kr. 1.440.000 og fulltrúi stjórnar fái kr. 960.000.

- Starfskjarastefna (liður 10)
Stjórn leggur til að starfskjarastefna frá fyrra ári verði samþykkt óbreytt.

Aðrar upplýsingar

Öll skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir aðalfund verður að finna á vefsíðu félagsins www.festi.is/fjarfestatengsl. Þar má einnig finna skýrslu Tilnefningarnefndar. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi, virka daga milli klukkan 9:00-16:00. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku.

Hluthafar geta látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthöfum gefst kostur á að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarinnar bréflaga. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið hluthafar@festi.is eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 10.00 laugardaginn 16. mars 2019.

Hluthafar eiga rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef þeir gera um það skriflega eða rafræna kröfu. Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá hluthafafundar skal slík beiðni hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið hluthafar@festi.is eigi síðar en tveimur vikum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 10.00 fimmtudaginn 7. mars 2019.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn.

Tilnefningarnefnd leggur til óbreytta stjórn félagsins á komandi starfsári. Sú tillaga takmarkar ekki frekari framboð til stjórnar. Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 ber að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega með minnst fimm sólarhringa fyrirvara fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 10.00 laugardaginn 16. mars 2019. Framboðum skal skila á skrifstofu Festi hf., Dalvegi 10-14, Kópavogi, eða á netfangið hluthafar@festi.is. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund. Hluthafar eiga rétt á að krefjast hlutfallskosningar eða margfeldiskosningar við stjórnarkjör í tvo sólarhringa frá því að stjórn kunngerir niðurstöður framboða til stjórnar, ef ekki er sjálfkjörið.

Aðgöngumiðar, atkvæðasedlar og önnur fundargögn verða afhent frá klukkan 9.30 á aðalfundardegi.

Stjórn Festi hf.



15%
afsláttur



Smash Style

2 x 100 g

450 kr/pk
Verð áður 529

2 x 120 g

501 kr/pk
Verð áður 589

2 x 140 g

552 kr/pk
Verð áður 649

2 x 250 g

1.104 kr/pk
Verð áður 1.299



Fyrir sækera borgara
Stokes Relish

599 kr/stk



Sósur sem gera góðan
borgara betri

349 kr/stk



Aviko franskar
Steikar franskar og sætar

verð frá **339** krpk



Rjómobollur
Í miklu úrvali

349 kr/stk



Good Good sulta og súkkulaðismyrja
Án viðbættis sykurs, sætt með stevíu

389 kr/stk



Síríus Konsum
Gamla góða Konsumið, 300 g

599 kr/pk

KJÚKLINGAVEISLA



Allt að
35%
afsláttur

Holla
KJÓRFUGL

TAKMARKAÐ
MAGN

Heill frosinn
kjúklingur

598 kr/kg
Verð áður 699 kr/kg

KJÓRFUGL

Kjúklingavængir	284 kr/kg Verð áður 379
Kjúklingalæri	787 kr/kg Verð áður 1.049
Kjúklingalundir	1.869 kr/kg Verð áður 2.199

Kjúklingabringur	1.799 kr/kg Verð áður 1.999
Heill kjúklingur	679 kr/kg Verð áður 849
Kjúklingaleggir	629 kr/kg Verð áður 899

Holla
KJÓRFUGL

Heill kjúklingur	719 kr/kg Verð áður 899	Kjúklingaleggir	649 kr/kg Verð áður 999	Blandaðir kjúklingabitar	649 kr/kg Verð áður 999
Kjúklingabringur 100%	1.919 kr/kg Verð áður 2.399	Kjúklingavængir	314 kr/kg Verð áður 449	Úrbeinuð kjúklingalæri	1.919 kr/kg Verð áður 2.399
Kjúklingalæri	824 kr/kg Verð áður 1.099	Kjúklingalæri með legg	824 kr/kg Verð áður 1.099	Kjúklingalundir	1.919 kr/kg Verð áður 2.399

HAGKAUP

Meira
svona
alla daga

Hef aldrei verið í betra formi

Millivegalengdahlauparinn Hlynur Andr-
ésson verður meðal
keppenda í 3.000 metra
hlaupi á Evrópumótinu
í frjálsum íþróttum
sem fram fer í Glasgow
í Skotlandi um helgina.
Hann segist aldrei hafa
verið í betra líkamlegu
og andlegu formi.

FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR Hlynur átti frá-
bært ár í fyrra þar sem hann bætti
fjögur Íslandsmet og keppti á Evró-
pumótinu í víðavangshlaupum.
Hann hefur haldið uppteknum
hætti í ár þar sem hann sigraði á
Reykjavíkurlaikunum í 1.500 metra
hlaupi og bætti Íslandsmetið.

Þá náði hann lágmarki á Evrópu-
mótið í 3.000 metra hlaupi þegar
hann bætti Íslandsmet sitt í grein-
inni með því að hlaupa á tímanum
7:59,11 í hlaupi í Bergen í Noregi um
miðjan febrúar síðastliðinn.

„Ég kom hingað til Glasgow
á miðvikudaginn og náði finni
æfingu í gær. Þar æfði ég með
æfingafélögum mínum í hollenska
landslíðinu og filingurinn var bara
góður. Ég hljóp í Bergen um síðustu
helgi og þar var hlaupið mjög hratt
og ég hef notað þessa viku aðallega
í endurheimt og slökun eftir það
hlaup. Mér finnst ég vera á góðum
stað hvað undirbúninginn varðar
og tilfinningin fyrir hlaupinu er
bara góð,“ segir Hlynur um undir-
búning sinn í vikunni.

„Ég hef aldrei náð jafn góðum
kafla hvað æfingar og allt í kringum
það varðar og frá því síðasta haust.
Ég fór til að mynda í fyrsta skipti í
háfallabúðir í Suður-Afríku nýverið
og þar voru flestir af þeim sem ég
er að fara að keppa við á morgun.
Þá hef ég einbeitt mér alfaríð að
hlaupum síðustu mánuði eftir að
hafa klárað strembið nám síðasta



Hlynur Andr-ésson keppir í dag í undanrásum 3.000 metra hlaups á Evrópumótinu í frjálsum íþróttum innanhúss.

Ég er í mínu besta
líkamlega formi á
ferlinum og er þar að auki
mun betur andlega reiðu-
búinn fyrir þetta hlaup en
fyrir tveimur árum.

Hlynur Andr-ésson

vor. Nú get ég hvílt mig almennilega
milli æfinga og náð fullri endur-
heimt,“ segir hann enn fremur.

Þetta er í annað skipti sem Hlynur
keppir á Evrópumóti innanhúss
en hann var á meðal keppenda í Bel-
grad í Serbíu árið 2017. Hlynur er
afar fjölhæfur hlaupari en hann
hefur farið frá því að hlaupa hrað-
asta 1.500 metra hlaupið með raf-
rænni tímátöku upp í það að eiga
Íslandsmetið í 10 kílómetra hlaupi.

„Ég er í mínu besta líkam-
lega formi á ferlinum og er þar að
auki mun betur andlega reiðubúinn

fyrir þetta hlaup en í Belgrad fyrir
tveimur árum. Ég er með miklu
meira sjálfstraust og er á allt öðrum
og betri stað hvað stress varðar en
þá. Það eru þrjú keppendur á mótinu
sem eru á heimsmælikvarða og þeir
eru í algjörum sérklassa. Hinir kepp-
endurnir eru á pari hver við annan
og eiga svipaða bestu tíma,“ segir
hann um mótið sem fram undan er.

„Það fer bara eftir dagsformi
hvort ég kemst áfram í úrslit eða
ekki en það er alveg klárlega raun-
hæft að stefna þangað. Hlaup á
stórmótum eru oft taktískari en á
öðrum mótum og ekki jafn hröð
þar sem það er ekki héri. Það er því
ekki víst að ég nái að bæta minn
besta tíma en ég stefni klárlega á
það. Mig langar samt aðallega bara
til að ná góðu hlaupi og sjá hvar ég
stend miðað við sterkustu hlaupara
álfunnar,“ segir Hlynur sem mun
bæta eigið Íslandsmet ef hann nær
markmiði sínu.

Hlynur var aðeins 0,97 sekúndum

frá lágmarkinu fyrir Evrópumótið
í 1.500 metra hlaupi þegar hann
hljóp þá vegalengd í janúar síðast-
liðnum. Hann telur sjálfur hins
vegar að 3.000 metra hlaup sé sín
sterkasta grein og erfitt sé að undir-
búa sig á sama tíma fyrir þessar
tvær vegalengdir á sama mótinu.

Hlynur hleypur í undanrásum
3.000 metra hlaupsins klukk-
an 12.30 í dag og komist hann áfram
í úrslitin keppir hann þar klukkan
19.47 á morgun.

Langstökkvarinn Hafdís Sig-
urðardóttir verður einnig á meðal
þátttakenda á mótinu en hún
hefur best stokkið 6,49 metra á
árinu. Íslandsmet Hafdísar í lang-
stökki innanhúss er hins vegar 6,54
metrar sem hún setti í janúar árið
2016.

Hafdís mun keppa í undan-
keppni langstöcksins á morgun og
hefst undankeppnin í þeirri grein
klukkan 10.00 í fyrramálið.
hjoarvar@frettabladid.is

Nýjast

Olís-deild karla



ÍR - KA

25-24

Markahæstir: Pétur Árni Hauksson 6, Björg-
vin Þór Hólmgæirsson 6, Sturla Ásgeirsson
4, Kristján Orri Jóhannsson 3, Sveinn Andri
Sveinsson 3 - Áki Egilsnes 5, Tarik Kasumovic
4, Daniel Matthíasson 3, Allan Norðberg
3, Dagur Gautason 2, Jóhann Einarsson 2.

Grótta - Fram

18-24

Markahæstir: Jóhann Reynir Gunnlaug-
son 5, Ásmundur Atlason 4, Magnús Öder
Einarsson 3, Sveinn Jose Rivera 2 - Þor-
grímur Smári Ólafsson 11, Þorsteinn Gauti
Hjálmarsson 3, Andri Heimir Friðriksson 3,
Andri Þór Helgason 2.

Stjarnan - Haukar

28-29

Markahæstir: Egill Magnússon 9, Garðar
Sigurjónsson 6, Leó Snær Pétursson 5, Aron
Dagur Pálsson 3 - Adam Haukur Baumruk
9, Heimir Óli Heimisson 8, Orri Freyr Þor-
kelsson 5, Brynjólfur Snær Brynjólfsson 3,
Darri Aronsson 2.

Benedikt tekur við landsliðinu

KÖRFUBOLTI Benedikt Guðmunds-
son verður kynntur
sem nýr þjálfari
íslenska kvenna-
landslíðsins
í körfubolta í
dag samkvæmt
heimildum Fréttablaðsins.



Hann tekur við landsliðinu af
Ívari Ásgrímssyni sem hætti eftir
undankeppni EM síðasta haust.
Ívar hafði stýrt landsliðinu frá 2014.

Benedikt er í hópi reyndustu
þjálfara landsins. Undanfari-
n tvö ár hefur hann stýrt kvenna-
liði KR. Hann gerði karlalið KR að
Íslandsmeisturum 2007 og 2009 og
kvennalið KR vann Íslandsmeist-
aratitilinn undir hans stjórn 2010.
Þá gerði hann karlalið Grindavíkur
að bikarmeisturum 1998.

Benedikt hefur einnig stýrt karla-
liðum Fjölnis og Þórs Þ. og karla-
og kvennaliðum Þórs Ak. Þá hefur
hann þjálfað yngri landslið Íslands
og yngri flokka. - ips

Tveir á toppnum frá Škoda



ŠKODA

Škoda Kodiaq hefur slegið rækilega í gegn og Karoq litli bróðir
gefur honum lítið eftir. Komdu í reynsluakstur og finndu
hvernig er að vera á toppnum. Hlökkum til að sjá þig.

Škoda Kodiaq 4x4

Verð frá 5.790.000 kr.

Škoda Karoq

Ambition / 1.6 TDI / Sjálfskiptur

Tilboðsverð 4.550.000 kr.

Listaverð 4.950.000 kr.

Afsláttur

300.000 kr.



FÓLK

FÖSTUDAGUR 1. MARS 2019

Lífsstíll



„Það hefur verið mjög gaman að koma heim eftir langa dvöl erlendis. Mér líður vel í Stjörnunni, félagið er mjög samheldið og starfsfólkið hjá félaginu og íþróttahúsinu er frábært,“ segir Arnar Guðjónsson, þjálfari karlaliðs Stjörnunnar í körfubolta, sem varð bikarmeistari nýlega. MYND/STEFÁN KARLSSON

Lifir fyrir körfuboltann

Fyrsti stóri titill Arnars Guðjónssonar, þjálfara karlaliðs Stjörnunnar í körfubolta, er kominn í hús. Hann hefur búið í Danmörku undanfarin ár ásamt fjölskyldu sinni en er kominn heim. Nú stefnir hann á stóra titilinn í vor. ➔2



TANTE MOTTA 170X240 / KR. 56.300 | 200X300 / KR. 83.900

MARVEL MOTTA
170X240 / KR. 61.200RUGGED MOTTA
170X240 / KR. 52.700MAGIC MOTTA
160X230 / KR. 71.400

LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS

Framhald af forsiðu →

Starri Freyr

Jónsson

starri@frettabladid.is



Ég vildi að ég gæti sagt að ég hafi snúið mér að þjálfun vegna meiðsla en ég gerði það reyndar vegna þess að ég var frekar slakur leikmaður,“ segir Arnar Guðjónsson, þjálfari nýkrýndra bikarmeistara karlalíðs Stjórnunnar í körfubolta. Arnar hefur verið búsettur í Danmörku undanfarin ár þar sem hann hefur þjálfað í körfubolta meðan eigin kona hans, Dröfn Hilmarsdóttir, hefur stundað nám í læknisfræði við háskólann í Árósum. Samhlíða þjálfuninni í Danmörku hefur hann meðal annars gegnt stöðu aðstoðarþjálfara íslenska karlalandsliðsins sem tók þátt í lokaúrslitum EM árin 2015 og 2017 en í vetur hefur hann einbeitt sér að karlalíði Stjórnunnar sem ætla sér stóra hluti í vetur.

„Það hefur verið mjög gaman að koma heim eftir langa dvöl erlendis. Mér líður vel í Stjórninni, félagið er mjög samheldið og starfsfólkið hjá félaginu og íþróttahúsinu er frábært. Því hefur verið auðvelt að komast inn í hlutina. Stjórn deildarinnar hefur einnig verið mjög opin fyrir hugmyndum mínum sem gerir vinnu mína mun auðveldari. Þetta er líka mjög skemmtilegur tími til að koma inn í íslenska boltann, reglubreytingar um fjölda útlendinga hafa gert það að verkum að deildin er mun sterkari og tek ég því fagnandi. Fjölskyldan býr þó enn í Danmörku og því er ég enn með annan fótinn þar. Dröfn klárar hins vegar námið í vetur og því sameinast fjölskyldan hér heima í vor.“

Frábær æskuár

Arnar hefur búið víða um ævina. Æskuárunum eyddi hann í Borgarfirðinum sem voru frábær að hans sögn en hann bjó í Reykholti alla æsku sína fyrir utan hálf ár, þegar fjölskyldan bjó á Höfn í Hornafirði. „Það var mikið frelsi sem fólst í því að alast upp úti á landi. Allt fœðurfólkið mitt er á svæðinu og erum við mjög nán. Ég var mikið í kringum afa minn heitinn, Guðmund Guðjónsson, og er mjög litaður af þeim tíma sem við áttum saman enda átti hann stóran þátt í að móta mig sem manneskju.“

Íþróttalífíð í Borgarfirðinum var frábært að hans sögn en þar sem strákahópurinn var fámennur þótti þeim körfuboltinn hentugasta íþróttin til að taka þátt í á landsvísi. „Einnig hafði það áhrif



Fjölskyldan saman í miðbæ Svendborg. Dröfn heldur á dóttur þeirra lóðinni og Arnar á syninum Bjarka.



Bjarki litli skoðar heiminn af öxlum föður síns, Arnars Guðjónssonar.

Áhugi minn á þjálfun kviknaði eftir að hafa spilað fyrir Ágúst Guðmundsson á Akureyri en sá maður hafði mikil áhrif á þá ákvörðun mína að gerast þjálfari.

ad Skallagrímur var eina liðið á svæðinu með lið í efstu deild í körfubolta. Nokkrir leikmenn liðsins, til dæmis Tómas Holton og Alexander Ermolinskij, gerðu sér ferðir í uppsveitirnar til að kynna íþróttina sem kveikti enn frekar áhuga okkar.“

Ágúst kveikti áhugann

Sjálfur segist hann hafa átt frekar ómerkilegan feril sem leikmaður. „Ég lék með Reykdælum og Þór Akureyri og einnig stutta stund fyrir Skallagrím og FSU auk þess sem ég dvaldi vetur í Bandaríkjunum sem skiptinemi og lék með skólalíðinu. Áhugi minn á þjálfun kviknaði eftir að hafa spilað fyrir Ágúst Guðmundsson á Akureyri en sá maður hafði mikil áhrif á þá ákvörðun mína að gerast þjálfari.“

Þjálfaraferillinn hófst hjá Sindra í Hornafirði þar sem hann þjálfaði í tvö ár og segist hafa fengið að hlaupa aðeins af sér hornin. „Ég fékk að stjórna miklu og prófa mig áfram sem var mjög gott. Næst fór ég á Selfoss og þjálfaði FSU með Brynjari Karli Sigurðssyni sem var gríðarlega lærdómsríkur tími en ég lærði mjög mikið af honum.“

Lærdómsríkur tími

Flutningur til Danmerkur var ekki á dagskrá hjá Arnari á þessum tímamarki. Þegar hér var komið sögu var hann þó nýlega búinn að

kynnast verðandi eiginkonu sinni sem var komin með skólavist í Danmörku. „Sjálfur var ég kominn inn í Íþróttakennaraskólann á Laugarvatni en ákvað þó að fylgja henni frekar til Danmerkur og sé ekki eftir því. Stórvinnur minn Rúnar Birgir Gíslason kom mér í samband við nokkur félög. Hlutirnir gengu hratt fyrir sig og fljótlega gerðist ég aðstoðarþjálfari hjá Aabyhoj. Þar þjálfaði ég í þrjú og hálf ár, tvö sem aðstoðarþjálfari og síðar sem aðalþjálfari. Eftir það var ég ráðinn til Svendborg Rabbits, þar starfaði ég í fjögur ár, tvö sem aðstoðarmaður Craigs Pedersen sem síðar varð landsliðsþjálfari okkar, og tvö sem aðalþjálfari.“

Árin í Danmörku voru mjög lærdómsrík að hans sögn. „Þarna fékk maður að kynnast körfubolta sem var frábær og þeim íslenska. Hann var hægari, talsvert taktískari og meira um hávaða leikmenn. Danskir íþróttamenn eru þó talsvert sérhlífarni en þeir íslensku. Á þessum tíma var umgjörðin betri þó svo að Ísland hafi unnið á og líklega tekið fram úr á síðustu árum.“

Þrátt fyrir góð ár ytra segist hann fúslega vðurkenna að það sé fátt sem hann sakni frá hinu danska lífi. „Daninn er frekar ákvörðunarfælinn og ég hef meira gaman af hvarvísium Íslendingum. Hins vegar sakna ég þess góða fólks sem ég kynntist. Ég á marga góða félagi í Danmörku sem ég þarf að halda áfram að eiga í samskiptum við næstu árin.“

Góður skóli

Arnar var í þjálfarateymi íslenska landsliðsins sem náði þeim frábæra árangri að komast á lokamót EM 2015 og 2017. Áður hafði hann starfað í þjálfarateymi U20 landsliðs Dana í tvö sumur og verið aðstoðarmaður Einars Arnasonar hjá U18 liði karla. „Árin mín með landsliðinu voru frábær og þjálfarateymi voru skemmtileg öll árin. Sú upplifun að hafa farið á tvö stórmót er eitthvað sem seint gleymist. Það sem situr helst eftir

er að hafa fengið að vinna með öllum okkar bestu leikmönnum í allan þennan tíma. Það er mjög lærdómsríkt og gríðarlega góður skóli.“

Hann ákvað að hætta með landsliðinu eftir að hann tók við Stjórninni síðasta sumar, fyrst og fremst svo hann gæti heimsótt fjölskylduna reglulega í Danmörku í vetur. „Það hefur verið mjög skritið að fylgjast með landsliðinu af hliðarlínunni í síðustu verkefnum. Margir af okkar bestu leikmönnum síðustu tvo áratugina hafa lagt landsliðsskóna á hilluna og miklar breytingar eru fram undan. Við eigum mjög hæfileikaríka unga leikmenn sem eru að taka við keflinu en þeir þurfa sinn tíma. Það má ekki gleymast að upphafsár gullkynslóðarinnar voru enginn dans á rósum, þeir þurftu að vaða eld og brennistein áður en þessi frábæri árangur náðist. Því vona ég innilega að landsmenn haldi áfram að standa við bakið á liðinu og skilji að um langhlaup er að ræða.“

Besti tíminn fram undan

Þar sem körfuboltinn er bæði atvinna hans og helsta áhugamál kemst lítið annað að þessa dagana. „Lífið utan körfuboltans er því ekkert sérstaklega merkilegt, satt að segja. Ég fylgist með öðrum íþróttum og þá sérstaklega amerískum fótbolta. Einnig hef ég gaman af að prófa mig áfram á golfvellinum þó svo að spilmennska mín líkist frekar kríkket en golfi. Einnig er ég matgæðingur mikill eins og sést vel á mér og hef gaman af því að elda. Annars vil ég helst nota frítíma með vinum og fjölskyldu yfir góðum kaffibolla og spjalli. Mikið af frístundum mínum eru uppi í Borgarfirði þar sem lífið gengur á eðlilegum hraða.“

Úrslitakeppnin er handan við hornið sem er besti tími ársins að hans sögn. „Eftir hana þarf maður að fara að setja fókusinn á fjölskylduna sem hefur þurft að sitja alltof mikið á hakanum undanfarna mánuði þar sem við erum búsett hvort í sínu landinu.“

NUTRILENK

öflugur liðstyrkur



Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundnið ritstjórnarrefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:

Torg ehf

Ábyrgðarmaður:

Kristín Þorsteinsdóttir

Umsjónarmenn efnis: Sólveig Gísladóttir, solveig@frettabladid.is, s. 550 5762 | Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Brynhildur Björnsdóttir, brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

Bruggghús

FÖSTUDAGUR 1. MARS 2019

Kynningar: Bruggsmiðjan Kaldi, Viking brugghús, Ölgerðin



Hreinleikinn er í fyrirrúmi

Bruggsmiðjan Kaldi er handverksbrugghús á Árskógssandi. Hreinleiki er einkennismerki bjórsins frá Kalda en hvorki er notaður sykur né rotvarnarefni í hann. Bjórböðin á Árskógssandi hafa notið mikilla vinsælda svo og veitingastaður Kalda þar sem áhersla er lögð á notkun bjórs í matargerð →2

Framhald af forsiðu →

Bruggsmiðjan Kaldi var stofnuð af hjónunum Agnesi Önnu Sigurðardóttur og Ólafi Þresti Ólafssyni. „Upphafið má rekja til þess þegar Ólafur slasaði sig illa á hné árið 2003 en þá hafði hann starfað sem sjómaður í 26 ár. Við þurftum að hugsa dæmið upp á nýtt. Árið 2005 sáum við frétt um auknar vinsældir micro-brugghúsa og rætt var við bruggara í Danmörku. Þá kviknaði hjá okkur hugmynd,“ segir Agnes sem er framkvæmdastjóri Kalda í dag. „Ég ólst upp við það að amma mín hafði mikið dálæti á vatninu okkar hér á Árskógssandi og var von að segja að það væri „besta vatn í heimi“. Því hugsuðum við með okkur að það væri gaman að nýta þetta góða vatn til að brugga bjór.“

Bjór að tékkneskri hefð

Hjónin drifu sig til Danmerkur til að skoða nánar handverksbrugghús. Þar fengu þau góðar ráðleggingar og var meðal annars bent á að Tékkland væri frægt um allan heim fyrir góðan og einstaklega vandaðan bjór.

„Við ákváðum því eftir nokkrar vangaveltur að velja bjór eftir tékkneskri hefð frá 1842,“ segir Agnes en tvær leiðir voru færar, að kaupa uppskrift að öðrum erlendum bjór, eða fá bruggmeistara til liðs við sig svo hægt væri að sníða bjórinn eftir þeirra eigin hugmyndum.

„Við ákváðum seinni kostinn og komumst í samband við David Masa sem er bruggmeistari í fjórða ættlið frá Tékklandi en hann hefur sérhæft sig í að koma af stað litlum brugghúsum um allan heim.“ Þau keyptu síðan bruggtæki frá Tékklandi og í desember 2005 var Bruggsmiðjan Kaldi stofnuð.

Saga bruggsmiðjunnar einkennist af sífelldri uppbyggingu. Þau byggðu 380 fermetra hús en fyrsta bruggunin fór fram í ágúst 2006 og fyrsta átöppunin í lok september það ár. Formleg opnun var síðan 30. september 2006.

Ársframleiðslan hefur ávallt verið að aukast. Var fyrst um 160 þúsund lítrar á ári en eftirspurnin jókst fljótlega. Stækkun var ákveðin í skrefum, verksmiðjan var stækkuð um helming árið 2011, 50 fermetra viðbygging fyrir gerjunartanka byggð árið 2015 og árið 2016 var byggð 208 fermetra vöruskemma. Framleiðslugeta bruggsmiðjunnar í dag er 700 þúsund lítrar á ári.

Einungis besta hráefnið

„Markmið okkar hefur alltaf verið að búa til eðal bjór og nota einungis besta hráefnið sem völ er á. Við flytjum flest inn frá Tékklandi og notum síðan íslenska vatnið okkar sem kemur úr lind í Sólafjalli við utanverðan Eyjafjörðinn,“ segir Agnes sem er stolt af hreinleika bjórsins. „Við notum ekki viðbættan sykurlaus eða rotvarnarefni og höfum hreinleikann í fyrirrúmi.“

Í dag býður Kaldi upp á fimm fastar bjórtegundir allt árið og sex árstíðatengda bjóra. Tvo jólabjóra, þorrabjór, páskabjór og sumarbjór. „Auk þess erum við með þrjár tegundir af léttöli sem er sérstætt fyrir þær sakir að það er bruggað alveg frá grunni og er því ekta léttöl,“ lýsir Agnes en yfirbruggari Kalda í dag er Sigurður Bragi Ólafsson. Einnig eru bruggaðir einn til tveir



Verksmiðja Kalda hefur vaxið og dafnað. Framleiðslugeta bruggsmiðjunnar í dag er 700 þúsund lítrar á ári.



Á veitingastað Kalda er lögð áhersla á að nota bjór í matargerð.

sérþjór á mánuði sem seldir er á veitingastaði á kútum.

Vinsæl bjórböð

Agnes og Ólafur eru þekkt fyrir hugmyndaauði og stofnun bjórbæða á Árskógssandi var ein fjöður enn í hatt þeirra. „Hugmyndin fæddist árið 2008 þegar við heimsottum bjórböð í Tékklandi. Ég sá þarna strax tækifæri fyrir okkur enda fundum við fljótlega eftir stofnun handverks-

brugghússins að það var mikill áhugi hjá ferðamönnum að koma og skoða. Við vorum fljótlega farin að taka á móti 12 til 15 þúsund manns og

vantaði eitthvað fleira fyrir þá að gera. Okkur langaði líka að breyta Árskógssandi í áfangastað fremur en viðkomustað,“ segir Agnes en það var ekki fyrr en 2016 sem hugmyndin um bjórböðin komst almennilega á flug. „Ég hafði nokkuð ákveðna hugmynd um hvað mig langaði að



Heitu pottarnir fyrir utan glæsilegt húsnæði Bjórbaðanna.

gera enda búin að heimsækja mörg bjórböð í Tékklandi.“

Fyrsta skóflustungan að bjórböðunum var tekin í september 2016. Kerin eru sjö talsins og því hægt að taka á móti allt upp í 14 manns í einu. Ekkert aldurstakmark er í bjórbað þar sem bjórvatnið er ódrykkjarhæft. „En það er bjórdæla við hvert bað fyrir þá sem hafa náð 20 ára aldri. Hins vegar leggjum við áherslu á notalegheitin og því er þetta ekkert fylleri,“ segir Agnes glettin.

En hvað er bjórbað?

„Í bjórbaði badar maður sig í ungu bjór, lifandi bjórgeri,



Landsliðsyrirliðinn Aron Einar slakar á í bjórbaði.

humlum, vatni, bjórolíu og bjórsalti. Bjórinn sem við notum í baðið er ungur í gerjum og er á þeim stað í ferlinu að hann hefur lágt pH-gildi og hefur þar af leiðandi stinnandi og mýkjandi áhrif á húð og hár. Bjórgerið sem notað er í böðin er einstaklega ríkt af B-vítamíni, sem er endurnærandi fyrir húð og hár. Einnig er gerið mjög ríkt af próteini, kalíum, járn, sinki og magnesíum. Humlarnir sem eru notaðir í böðin hafa mjög góð áhrif á líkamann þar sem þeir eru ríkir af antioxidanefnum og alfasýrum. Oliurnar og örefnin úr plöntunni hafa bólgueyðandi áhrif

„Markmið okkar hefur alltaf verið að búa til eðal bjór og nota einungis besta hráefnið sem völ er á.

og eru einnig notuð til að minnka roða í húð og hafa góð áhrif á æðakerfið,“ útskýrir Agnes og bendir á að sýnt hafi verið fram á að humlar hafi slakandi áhrif á vöðva og líkama. „Við leggjum áherslu á að hver og einn viðskiptavinur sé einstakur og mikilvægur.“

En hvað ber framtíðin í skauti sér?

„Við erum ekki hætt og sjáum enn mörg tækifæri til þróunar. Þannig ætlum við að bæta við gistingu hjá okkur í ár og svo langar okkur að útbúa eigin húðlinu, sápur, sjampó og baðsölt. Það er því líflegt fram undan.“



Viking brugghús getur rakið sögu sína til ársins 1938 þegar Aage Schiøth stofnaði Efnagerð Siglufjarðar. Árið 1945 flutti svo efnagerðin til höfuðstaðar Norðurlands og skipti um nafn; varð Efnagerð Akureyrar.



Arnar Logi, bruggari hjá Viking, ásamt þeim Ragnheiði og Þóreyju frá Lady brewery en vinabugg þeirra skilaði af sér Góu sem er IPA bjór.



Viking gylltur er og hefur verið lengi á toppnum.

Breytt landslag en samt ekki

Á síðasta ári kom Viking brugghús með 10 nýja bjóra á markaðinn og státar sig af einu besta og fullkomnasta gæðaeftirliti landsins. Bjórmeningin hefur breyst mikið undanfarin 30 ár.

Markmið okkar hjá Viking brugghúsi er alveg skýrt og það er að brugga gæða bjór fyrir öll tilefni," segir Hilmar Geirsson, vörumerkjastjóri Viking brugghúss.

Viking brugghús getur rakið sögu sína til ársins 1938 þegar Aage Schiøth stofnaði Efnagerð Siglufjarðar. Árið 1945 flutti svo efnagerðin til höfuðstaðar Norðurlands og skipti um nafn; varð Efnagerð Akureyrar.

Árið 1966 var ákveðið að breikka úrval drykkjanna og bæta við „fljótandi fæði“ fyrir fullorðna, ef svo má að orði komast. Ráðist var í að kaupa ný og vönduð tæki til ölgerðar og stuttu síðar leit fyrsta Thule-flaskan dagsins ljós.

Þegar bjórinn var leyfður fór Viking brugg hf. að einbeita sér að framleiðslu bjórs. Árið 1993 var Baldur Kárasón ráðinn bruggmeistari hjá Viking ölgerð og í framhaldi af því hófst saga Viking brugghúss eins og við þekkjum hana í dag.

Viking brugghús undir forystu Baldurs hefur framleitt margverðlaunaða bjóra í gegnum tíðina og státar í dag af því að eiga söluhæsta bjórinn í Vínbúðunum, hinn margrómaða Viking sem einmitt hefur þrisvar unnið til verðlauna sem besti lagerbjór í heimi.

„Við erum líklega með eitt besta og fullkomnasta gæðaeftirlit á

landinu til að tryggja að gæðin séu alltaf sem allra mest. Við þurfum alltaf að passa að eiga nóg af réttu og bestu hráefnum sem völ er á og því skiptir miklu máli að samskipti við birgja séu góð. Varðandi Viking flaggskipsbjórinn sjálfan þá höfum við ekki séð ástæðu til að vera að breyta honum eitthvað. Það færi líklega ekki vel í landsmenn að við færum að eiga við bragðið á ástsælasta bjór þjóðarinnar,“ segir Hilmar.

Bjórmening hefur breyst ansi hratt og fjölmörg brugghús hafa sprottid upp undanfarin ár. Hilmar segir að fólk sé að sækja meira í svokallaða craft bjóra.

„Við sjáum greinileg merki þess að fólk er til í að

Viking kom með 10 nýja bjóra á síðasta ári sem er töluvert meira en fyrirtækið hefur gert áður. Hér er Góa Session IPA vinabugg sem gerður er í samstarfi við Lady Brewery.



prófa fleiri stíla og oft meira krefjandi bjóra. Við höfum brugðist við því með því að leggja enn frekari áherslu á nýjungar í craft-línunni hjá okkur. Til dæmis komum við með 10 nýja bjóra á síðasta ári sem er töluvert meira en við höfum gert áður. Bruggheimurinn á Íslandi er ekki stór og við eignum í góðu samstarfi við litlu brugghúsin þar sem aðilar skiptast á ráðum og hugmyndum. Við gerðum til dæmis vinabugg með Lady Brewery núna í febrúar og fleiri slík brugg eru í kortunum.“

Þó svo að Íslendingar séu orðnir opnari fyrir nýjungum þá eru lagerbjórar ennþá langvinsælasti bjórstillinn og það er ekkert að fara að breytast í bráð. Viking er til dæmis ennþá langmest seldi bjórinn í ÁTVR en hann selst sirka tvöfalt meira en næsti bjór.

Hlutfall erlendra bjórvörumerkja hefur verið að aukast undanfarin ár og kemur það til vegna mikils innflutnings auk þess



Hilmar Geirsson, vörumerkjastjóri Viking Brugghúss.

sem íslensk brugghús taki að sér að brugga fyrir erlend vörumerki. „Að sjálfsögðu finnst okkur að Íslendingar eigi að styðja við innlend bjórvörumerki og íslenska framleiðslu. Það er mikilvægur þáttur í því að viðhalda þessari skemmtilegu þróun sem er að eiga sér stað í íslenskri bjórmeningu. Bruggararnir okkar eru gríðarlega stoltir af bjórnum sem Viking brugghús bruggar og eru alltaf að gera tilraunir með ný hráefni og

prófa sig áfram með nýja bjóra. Við fögnum allri samkeppni og þetta mikla úrval sem Vínbúðin býður upp á er bara til að auka áhuga fólks á bjór og það er gott fyrir okkur öll.“

Í tilefni 30 ára afmælis bjórsins verða margir veitingastaðir með góð tilbod á bjór um afmælishelgina. Einnig verður Viking Rökkr, á sérstöku kynningartilboði í ÁTVR út mars og því hægt að gera mjög góð kaup á honum.



Það var gríðarlega mikið að gera um allt land þegar dyr ÁTVR opnuðust í fyrsta sinn með bjór til sölu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ekkert kemur í staðinn fyrir mjólk

Þegar verslanir ÁTVR voru opnaðar fyrir þyrstum viðskiptavinum eftir að bjórinn var leyfður stóð á plastpokunum „Ekkert kemur í staðinn fyrir mjólk“ sem vakti eðlilega athygli. Hér er stiklað á stóru um þennan merka dag.

Í dag er bjórdagurinn en þá er því fagnað að bjórinn var leyfður. Þegar Ísland tók skrefið út úr torfkofunum og steig inn í nútímann. Enn stendur styr um áfengið og ekki er enn leyfilegt að auglýsa áfengi þó að allt sé morandi í áfengisauklýsingum á samfélagsmiðlum og í erlendum tímaritum.

Fyrsta daginn fengust fimm bjórtegundir í Vínbúðum, Egils Gull frá Ölgerðinni, Löwenbräu, Sanitas Pilsner og Sanitas Lageröl frá Sanitas og Budweiser frá Bandaríkjunum, en fljótlega bættust við innfluttu tegundirnar Kaiser Premium frá Austurríki og Tuborg frá Danmörku og seinna Pripps frá Svíþjóð.

Í Morgunblaðinu 2. mars sagði að 340.000 dósir af bjór hafi verið seldar þennan fyrsta dag, megnið af því á höfuðborgarsvæðinu. Budweiser seldist upp en mjög lítið magn af honum kom til landsins eða aðeins einn gámur. Löwenbräu og Egils Gull voru vinsælustu tegundirnar þennan fyrsta dag samkvæmt fréttinni.

Mest seldist af bjór í Kringlunni og sagði verslunarstjóri búðarinnar að örtröð hefði verið fyrir utan þegar lásinn var tekin af hurðinni og umferð hefði verið jöfn út daginn. Kaiser var aðeins til á flöskum og því eingöngu seldur á veitingahúsum og Tuborg kom ekki í verslunina á Stuðlahálsi fyrir en síðdegis.

Á Akureyri seldust tæplega 40 þúsund dósir af Sanitas-bjórtegundunum þremur og um 6.000 dósir af Egils Gulli. Verslunarstjór-



10 vinsælustu lagerbjórnir 2017

- Viking Gylltur
- Faxe Premium
- Egils Gull
- Viking Lager
- Tuborg Green
- Tuborg Classic
- Boli Premium
- Viking Gylltur
- Faxe Royal
- Thule

10 vinsælustu öl og aðrar bjórtegundir 2017

- Einstök White Ale
- Einstök Arctic Pale Ale
- Úlfur Session IPA nr.34
- Úlfur India Pale Ale nr. 3
- Jólágull
- Guinness Draught
- Viking Sumaröl Ísland
- Kronenbourg Blanc
- Páskagull Hefeweizen
- Einstök Toasted Porter

inn þar á bæ sagði í sömu grein að starfsmenn hefðu vart undan að flytja bjór frá Sanitas í hillur ÁTVR.

Að Ísland skyldi taka þetta skref þótti fréttæmt um allan heim. Voru hér margir fréttamenn, meðal annars frá ABC og NBC. Voru bandarískir fréttamenn enn í sárum yfir að hafa þurft að fylgja eftir leiðtogafundinum 1986 og þurft að drekka bjórliki. RÚV sendi pakka til allra ríkisstöðva Evrópu klukkan 16 og þýska stöðin ARD sendi 10 mínútna pakka heim til Þýskalands. Í fréttum næstu daga á eftir að bjórinn hafði verið leyfður kom í ljós að gervihnattarsamband RÚV var þéttskipað þessa fyrstu daga.

ÁTVR leyfði auglýsingar á

Þetta gerðist einnig árið 1989

- George H.W. Bush tók við af Ronald Reagan sem forseti Bandaríkjana.
- Spaugstofan hóf göngu sína.
- Bandaríski fjöldamorðinginn Ted Bundy var tekinn af lífi.
- Tölvuleikurinn SimCity kom út í fyrsta skipti.
- Landslið Íslands í handknattleik karla vann heimsmeistarakeppni B-liða í París.

- Fyrsta Bónusverslunin var opnuð við Skútuvog í Reykjavík.
- Exxon Valdez lak 240.000 tunnum af olíu nálægt Alaska.
- Game Boy kom á markað í Japan.
- Hillsborough-slysið: 96 stuðningsmenn Liverpool F.C. létust.



- Framlag Íslands, lagið „Það sem enginn sér“, í Eurovision fékk ekkert stig.
- Fyrsti Seinfeld-þátturinn fór í loftið í Bandaríkjunum.
- Dalai Lama hlaut friðarverðlaun Nóbels.
- Borgarleikhúsið var formlega vígt.
- Tölvuleikurinn Minesweeper kom út.



Fæddir á árinu 1989

- Alfreð Finnbogason
- Aron Einar Gunnarsson
- Gylfi Þór Sigurðsson
- Emmsjé Gauti
- Eyþór Ingi Nanna Bryndís Hilmarsdóttir
- Daniel Radcliffe
- Taylor Swift

pokunum hjá sér og þennan fyrsta dag stóð á þeim: Ekkert kemur í staðinn fyrir mjólkina. Voru 600 þúsund pokar prentaðir með þessari áletrun. Mjólkurdagsnefnd tók fyrsta auglýsingaplássið. Fyrir það fékk Landvernd 300 þúsund krónur. Vonaðist ÁTVR til að færa Landvernd eina milljón á ári.

Árið 2017 seldust um 1,5 milljónir plastpoka og dróst salan saman á milli ára. Um 32 prósent keyptu poka þetta árið. Fljótlega eftir að bjórinn var leyfður varð bjór vinsælasti áfengi drykkur landsins, einkum lagerbjór, en á síðustu árum hafa vinsældir annarra gerða bjórs aukist talsvert með tilkomu nýrra innlendra tegunda og stíla.

Á árinu 2017 seldust rúmlega 22 milljónir lítra í ríkinu og jókst salan um tæp 5 prósent milli ára. Enginn má selja áfengi nema ÁTVR en í árslok 2017 rak ÁTVR 51 Vínbúð auk vefbúðar, þar af eru 14 á höfuðborgarsvæðinu. Vínbúðin á Flúðum var stækkuð og endurbætt, Vínbúðin í Vík var opnuð á ný eftir gagngerar breytingar og stækkun. Vínbúðin á Höfn fékk

stærta húsnæði og var endurbætt, og í nóvember var opnuð ný og glæsileg Vínbúð í Garðabæ en ekki hefur verið Vínbúð í bæjarfélaginu frá því í janúar 2011. Það þarf því ekki að keyra lengi til að komast í bjórverslun.

Í ársskýrslu ÁTVR fyrir árið 2017 kemur fram að alls seldust 21,9 milljónir lítra af áfengi. Sala ársins var 4,8% meiri í lítrum en á fyrra ári. Sala á bjór jókst um 4,8%. Tekjur af sölu áfengis voru tæpir 25 milljarðar. Um 67 prósent af því sem seldist var innlend framleiðsla. Hlutfallið var 76 prósent fyrir áratug.

Á árinu 2017 komu rúmlega 4,9 milljónir viðskiptavina í Vínbúðirnar. Flestir koma í lok vikunnar en að jafnaði koma um 28 þús. viðskiptavinir á hefðbundnum föstudegi. Á stærstu dögum ársins voru heimsóknirnar tæplega 40 þús. Var laugardagurinn 30. desember stærsti dagur ársins 2017 hvað varðar fjölda viðskiptavina. Flestir kaupa sinn bjór á Dalvegi, Skeifan fær silfrið og Heiðrún bronsið. Af 500 ml dós fara 46 prósent í skatt en ÁTVR leggur 14 prósent á ölið.



Forstjóri Ölgerðarinnar við dæluna í Bjórskólanum sem Ölgerðin stofnaði árið 2010. Þar má smakka Gull og fleiri bjóra en einnig bjórlíki sem fæstum finnst gott. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Bjórgerð í 106 ár

Sama dag og bjórbanninu lauk kom á markað Gull frá Ölgerðinni. 30 árum síðar er hann enn einn vinsælasti bjórin. Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, fer yfir sögu Gullsins og bjórframleiðslu síðustu 106 ára.

Þó að bjórbanninu hafi verið aflétt árið 1989 hefur Ölgerðin bruggað bjór mun lengur, eða frá stofnun hennar árið 1913. „Bjórinn var bruggaður fram að bjórbanninu árið 1915 en á bannárunum var áfram bruggaður léttbjór sem var 2,25%. Þegar breski herinn kom til landsins fékk Ölgerðin síðan undanþágu til að framleiða sterkan bjór og sendi hann upp á Reykjavíkflugvöll og síðar Keflavíkflugvöll. Því má segja að bjórgerð hafi staðið óslitið í Ölgerðinni í 106 ár,“ segir Andri sem hefur verið forstjóri Ölgerðarinnar frá árinu 2002.

Meðal starfsmanna Ölgerðarinnar eru þó nokkrir sem starfað hafa þar í liðlega hálföld. „Þetta fólk man tímana tvenna og gaman að spyrja það út í tímuna áður en bjórinn var leyfður,“ segir Andri sem minnst þeirrar skritnu stemningar sem ríkti á bannárunum. „Almenningur var vitanlega ekki gladdur yfir þeirri misskiptingu að erlendir hermenn gætu keypt íslenskan bjór en ekki Íslendingar sjálfir. Síðar fengu áhafnir skipa og flugáhafnir að taka með sér bjór og um tíma urðu til tvær stéttir í landinu, þeir sem höfðu aðgang að bjór og svo hinir sem höfðu það ekki. Svo má segja að á áttunda og níunda áratugnum hafi það orðið hálfgerð þjóðaríþrótt að smygla bjór,“ segir Andri glettinn.

En þurfti þá ekki að hafa vörð í verksmiðjunni þegar verið var að brugga áfenga bjórinn? „Ríkið hefur nú alltaf passað vel upp á að fá sín áfengisgjöld og ekkert fór fram hjá árvökulum eftirlitsmönnum ríkisins sem voru hér við hverja framleiðslu. Þeir voru hér eins og gráir kettir í mörg ár eða þar til fyrir um tíu árum. Í dag

Segja má að á áttunda og níunda áratugnum hafi það orðið hálfgerð þjóðaríþrótt að smygla bjór.

fer eftirlitið fram með rennslismælum, reglulegum álestri og í skýrslum. Svo, nei, það voru ekki miklir möguleikar á bjórþjófnaði úr verksmiðjunni.“

Bjórlíkið vinsælt

Upp úr 1980 myndaðist mikil stemning á börum bæjarins þegar farið var að blanda léttbjór eins og Pilsner við vodka, viski eða brennivín og kalla það bjórlíki. „Þetta var mjög vinsælt í mörg ár, til dæmis á Gauki á Stöng og Hauki í horni sem lifðu góðu lífi á því að selja bjórlíki,“ segir Andri og bætir við að bjórlíki sé enn blandað í Ölgerðinni í dag. „Við stofnuðum bjórskóla árið 2010 sem hefur notið mikilla vinsælda. Þar bjóðum við upp á nokkurra tíma prógramm þar sem kennarar fara yfir sögu bjórsins og drykkjarmenningu á Íslandi. Þeir taka sig þá til og blanda bjórlíki og leyfa fólk að smakka. Ég smakka þetta reglulega og get staðfest að þetta er argasta sull og allt annað en gott,“ segir hann hlæjandi.

Gull í 30 ár

Gull kom á markað 1. mars 1989, sama dag og bjórbanninu var aflétt. Hann varð að sögn Andra strax vinsælasti bjórin og hefur verið með vinsælli bjórum landsins alla tíð. Forsvarsmenn Ölgerðarinnar höfðu auðvitað vitað af því að bjórbanninu yrði

aflétt þennan dag og höfðu því þróað bjórinn í talsverðan tíma. „Gullið var afleidda af bjór sem bruggaður var áður fyrir sendiráð og hermenn. Strax var tekinn sá pöll í hæðina að nota þýsk lög um hreinlæti, „Deutsches Reinheitsgebot“, frá árinu 1487 sem kveða á um að aðeins megi nota þrjú hráefni í bjór; vatn, ger og bygg. Gullið var því bruggað í þýskum anda og notaður still sem kallast Helles. Þetta var áhætta sem stjórnendur Ölgerðarinnar tóku á sínum tíma og hefur margborgað sig, því Íslendingar elska Gullið sitt.“

En af hverju þykir Gullið svona gott? „Við eigum nokkur leynivopn en tvö þeirra eru íslenska vatnið og svo smá blanda af íslensku byggi.“


Verðlaunabjór

Gullið hefur haldist nánast óbreytt í gegnum tíðina þó bjórinn hafi verið finpússaður aðeins að sögn Andra með tilkomu betri tæknibúnaðar og betri mælinga. „Okkur hefur þannig tekist að gera góðan bjór enn betri sem sýndi sig best árið 2011 þegar við fengum ein stærstu verðlaun sem hægt er að fá í þessum bransa.“ Það ár hlaut Gull titilinn „Worlds best standard lager“ bjór í keppinni World Beer Awards. Samkeppnin er mikil en standard lager-flokkurinn sem Gullið keppti í er stærsti flokkurinn en þetta árið voru sendir inn yfir þúsund bjórar. „Þetta var því gríðarleg upphæfð fyrir okkur.“

Starfsmenn Ölgerðarinnar taka ríkan þátt í þróun bjóra fyrir-tækisins. „Hér innanhúss er starfandi bragðpanel sem smakkar bjóra. Það er mjög eftirsótt að komast í þennan panel enda þarf, ólíkt vínum, að kyngja bjórnum til að vita almennilega hvernig hann smakkast. Þú finnur ekki



Fólk í biðröð við ölgerð Egils árið 1976 að biða eftir afgreiðslu hvítöls.



Mikil þróun hefur orðið í tækjabúnaði sem notaður er í framleiðsluferlinu.

biturleika bjórsins nema aftast í kokinu.“ Starfsmenn Ölgerðarinnar eru í bragðpanelnum en einnig eru sendir bjórar út til Þýskalands og Danmerkur til bragðprófana og frekari tilrauna.

Andri segir mikla fagþekkingu vera innan Ölgerðarinnar í dag og það hafi verið stefnan alla tíð. „Tómas Tómasson, stofnandi Ölgerðarinnar, sótti sér þekkingu til Danmerkur og Þýskalands. Eftir að bjórinn var leyfður árið 1989 voru hér starfandi þýskir bruggmeistarar en með árunum fjölgaði Íslendingum sem höfðu aflað sér menntunar í þessum fræðum og í dag erum við með frábæran hóp af framúrskarandi fagmönnum.“

Breytt bjórmening með Borg

Andri telur að stærsta byltingin í bjórframleiðslu Ölgerðarinnar hafi orðið árið 2010 þegar ákveðið

var að setja á laggirnar Borg brugghús. „Þá keyptum við tilraunabúnað fyrir bruggmeistarana okkar til að leyfa sköpunargáfu þeirra að njóta sín. Þar opnuðum við sannarlega fyrir flóðgáttir og síðan þá hefur hver verðlaunabjórinn á færur öðrum litið dagsins ljós.“ Hann telur að annars vegar ástríða bruggmeistaranna og hins vegar allt að því þráhyggja fyrir gæðamálum skili þeim góða árangri sem raun ber vitni.

„Ástædan fyrir því að við settum Borg brugghús á stofn var sú að við höfðum og höfum raunverulega ástríðu fyrir því að búa til góðan bjór og okkar markmið hefur alltaf verið að búa til og stuðla að góðri bjórmeningu á Íslandi sem fram að þessum tíma hafði verið mjög einleit. Við höfum því fyrir reglu að setja engin bönd á bruggmeistarara Borg sem hafa fullt frelsi til að leika sér.“



Björkokteilar eru alls konar og með misjöfnu bragði.

Björkokteill fyrir þroskaðan smekk

Þótt ekki sé mikið talað um björkokteila, þá eru þeir víst fjölmargir og sumir vinsælir. Danir eru þekktastir fyrir að drekka bjór með snafs en flest drekkum við hann eins og hann kemur fyrir.

Elin
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Edison Banushi, barþjónn á Bryggjunni Brugghúsi, segir að Íslendingar séu ekki komnir á bragðið með björkokteila. Hins vegar hafi þekking á bjór aukist mjög mikið hér á landi. Margir koma á barinn til að smakka nýja bjóra sem ekki eru fjöldaframleiddir og fást bara í stuttan tíma. Það er helst ef fólk er að koma frá heitari löndum sem það biður um björkokteil. Vinsældir alls kyns kokteila eru þó alltaf að aukast. „Við höfum bent gestum á björkokteila, sérstaklega þeim sem hafa áhuga á betri bjórtegundum. Við erum farnir að brugga sætari bjóra og þá er mjög gott að nota í björkokteila. Einnig má nota lagerbjór en skemmtilegast er að nota þessa sérbrugguðu bjóra,“ segir Edison.

Þegar hann er spurður hvaða bjórar séu vinsælastir, svarar hann að lagerbjórinn sé alltaf í fyrsta sæti. „Svokallaðir pale bjórar hafa þó verið að auka vinsældir sínar og sömuleiðis English bitter. Hann er reyndar orðinn mjög vinsæll. Bjóráhugafólk sættir sig ekki við hvað sem er og margir eru tilbúnir að borga aðeins meira fyrir meiri gæði. Það er líka skemmtilegt að margir eru farnir að spyrja hversu mikið IBU sé í bjórnum en það er alþjóðlegur mælikvarði á biturleikann. Þekkingin á bruggun er alltaf að aukast,“ segir hann.

Edison segir að ef einhver kæmi á barinn núna og bæði um björkokteil myndi hann líklegast setja í hann dökkt romm, engiferöl og hveitibjór sem nefnist Bára. „Þessi blanda fer rosalega vel saman og þetta er finn drykkur,“ segir hann.

Nokkrir góðir björkokteilar
Vandaður bjór er stútfullur af



Edison Banushi barþjónn segist myndu setja dökkt romm, engiferöl og Bára bjór í kokteil. „Það klikkar ekki.“ MYND/EYÞÓR



Michelada er góður og frískandi kokteill sem vert er að smakka.

Bjóráhugafólk sættir sig ekki við hvað sem er og margir eru tilbúnir að borga aðeins meira fyrir meiri gæði.

Edison Banushi barþjónn

skemmtilegum bragðefnum sem henta vel í kokteila, segir á vefsíðu BBC Good Food, en þar eru gefnar nokkrar uppskriftir. Það getur verið gaman að blanda bjórdrökki. Hvaða bjór á að nota fer svoltið eftir því hversu þekkingin er mikil

á hinum mismunandi miði. Kryddjurtir, appelsínu- eða sitrónusafi geta hentað fullkomlega í bjór. Gin hentar ágætlega í lagerbjór. Þegar notaður er stout bjór er best að nota súkkulaðiþragð eða kaffi. Alls ekki setja hveitibjór eða stout saman við tómatsafa og ekki nota rjómalíkjóra saman við bjór.

Michelada

Hér er kokteill sem jafnvel bjórhatarar eru hrifnir af. Hann er bragðgóður og borinn fram í litilli björkönnu.

Uppskriftin er fyrir eitt glas.

Setjið safu úr einni límónu í skál. Notið síðan límónuna til að strjúka eftir börmum glassins sem drekka skal úr. Setjið salt á disk og hvolfið glasinu þar ofan í þannig

að saltrönd þeki barmana.

Setjið ísmola í glasið, síðan tekila og límónusafann. Hrærið smávegis en bætið síðan lagerbjór saman við. Smá sletta af Worcestershire-sósu fer út í síðast. Skreytið með sneið af límónu.

Espresso stout

Þessi uppskrift miðast við tvö glös.

Setjið 25 ml af köldu espresso kaffi í könnu. Því næst er bætt í 25 ml af Kahlua kaffilíkjör. Hrærið aðeins. Kælið í ísskáp í um það bil hálf tíma. Þá er bætt út í 250 ml af stout bjór. Hrærið aðeins og setjið í tvö há björglös sem breikka að ofanverðu.

Posh ginger shandy

Setjið eina líuku af ísmolum í kokteilhristara ásamt safu úr tveimur sitrónum. Þá er bætt við einni matskeið af Ginger cordial kokteil og einni matskeið af Ginger wine. Hristið. Setjið blönduna í tvö martiniglös og fyllið upp með hveitibjór. Skreytið með rifinni, ferskri engiferrot.

Campari IPA


Fyrir þennan drykk eru notað tvö lág viskiglös. Setjið tvo til þrjá ísmola í hvort glas. Þá er 50 ml af Campari hellt yfir ísinn og síðan fyllt upp með IPA bjór (Indian pale ale). Setjið loks smávegis sóðavatn með appelsínubragði saman við. Skreytið með smávegis appelsínuberki.

Hindberjabjór-mojito

Í þennan drykk þarf tvö há glös. Skiptið á milli þeirra einni niðurskorinni límónu og 50 ml af krydduðu rommi. Merjið límónuna með þar til gerðum staut þannig að safinn blandist romminu. Bætið við ísklökum og ferskri mintu. Út í þetta fer hindberjabjór. Skreytið með nokkrum hindberjum.



Bruggað og tappað á flöskur af alkunnri snilld bruggmeistarara á árum áður.



Gull er kóngurinn

Í brugghúsi Ölgerðarinnar verða til eðalveigar á hverjum degi. Þar er að finna gullmedaliur frá virtustu bjórkeppnum heims og við framleiðslu eru kolefnisfótspor máð jafnóðum.

Gull er kóngurinn í Ölgerðinni, sá allra vinsælasti og allra yndi,“ segir Ingólfur Arnarson, rekstrarstjóri Ölsuðu í brugghúsi Ölgerðarinnar.

„Gull hefur verið í dálæti hjá íslensku þjóðinni síðan bjórbanninu var aflétt 1. mars 1989 og samfelld á markaði síðan. Hann er aðgengilegur bjór sem hæfir við öll tækifæri og fellur flestum í geð; vörumerki sem Íslendingar treysta og þekkja fyrir gæðin ein,“ útskýrir Ingólfur en þess má geta að Ölgerðin bruggar einnig Gull Lite.

„Gull Lite hefur hlotið frábærar viðtökur en hann er léttari á hitaeningum, glútenlaus og bruggaður með sérstökum aðferðum til að lágmarka kolvetni. Hann er léttari og ekki eins afgerandi í munni og Gull en alveg einstaklega ferskur og góður bjór. Í hefðbundnu Gulli er það jafnvægi matsætu, áfengis og biturleika sem við sækjumst eftir til að ná fram eftirsóttu Gullbragðinu,“ útskýrir Ingólfur.

Íslenska vatnið gott í bjór

Ölgerðin bruggar að staðaldri yfir tuttugu bjórtegundir, en að meðtöldum jóla-, páska-, þorra- og sumarbjórum voru bruggaðar yfir fjörutíu tegundir árið 2018.

„Við bruggum mest af Gulli, Gulli Lite, Bola og Brío sem hafa aukið við sig ár frá ári. Við bruggum líka dönsku bjórana Tuborg, Tuborg Classic og Carlsberg, undir

þeirra merkjum og forskrift. Við viljum brugga þessa góðu bjóra Dana eins nálægt því og þeir smakkast úti en íslenska vatnið er svo ferskt og hreint að það verður alltaf munur og persónulega finnst mér sá íslenski bragðbetri,“ segir Ingólfur.

Metnaður í 106 ár

Ölgerðin er virðulegur og þrautreyndur öldungur á sviði íslenskrar brugggerðar, orðin 106 ára.

„Við höfum mikinn metnað fyrir því að vera með það besta í boði hverju sinni. Í brugghúsinu eru fyrsta flokks tæki og tól til brugggerðarinnar og við erum með mjög öflugan rannsóknarstofu. Það er aðeins ein tegund sem við getum ekki fært til nútímans, né átt við, og það er Malt sem er eins og allir vita í þjóðareign og má aldrei hrófla við. Malt hefur sína sérstöðu og er bruggað eins og bjór en ekki látið gerjast. Bragðlaukar þjóðarinnar standa svo vörð um að það sé alltaf eins,“ segir Ingólfur kátur á skemmtilegum vinnustað.

„Það er einstaklega gaman að vinna í Ölgerðinni eins og dæmin sýna í langri starfsævi og ánægðum starfsmönnum sem unnið hafa í Ölgerðinni mestan sinn starfsaldur. Í fyrra unnu hjá okkur þrjár kynslóðir fedga í brugginu; Beggi, eða Guðbrandur Sigurpálsson, en hann fór á eftirlaun í árslok, sonur hans Atli Hrafn og barnabarnið Kristófer. Sá eldri kom



Ingólfur Arnarson er rekstrarstjóri Ölsuðu, brugghúss Ölgerðarinnar. MYND/ SIGTRYGGUR ARI



Það er gaman að skoða umbúðir Ölgerðarinnar frá því á 20. öldinni og frumstæðari bruggbúnað en nú þekktist.

fyrst inn í fyrirtækið sem 18 ára ihlaupadregur og vann sig upp í verkstjóra, og sonur hans setur nú bjór á kúta,“ upplýsir Ingólfur innan um einstaka vinnufélaga í Ölsuðunni.

„Mannauður er Ölgerðinni dýrmætur. Í Ölsuðunni starfar einstakt teymi sem sér til þess að allt gangi smurt fyrir sig dag og nótt. Bruggmeistararnir þeir eru allir snillingar á sínu sviði og lifandi alfræðiorðabækur þegar kemur að jafnt smæstu smáatriðum bjórgerðar yfir í stóra samhengið. Góður bjór verður ekki til nema fyrir tilstilli góðra bruggmeistarar því það eru þeir sem skapa þessar eðalveigar og gullverðlaunabjóra,“ segir Ingólfur.

Skýr umhverfismarkmið

Ölgerðin hefur sett sér skýr

umhverfismarkmið til að minnka kolefnisfótspor sín.

„Við gerjum á bjór verður til mikið af kolsýru sem færi óhindrað út í andrúmsloftið ef ekki væri brugðist við,“ útskýrir Ingólfur. „Til að nýta kolsýruna eigum við kolsýrujöfnunarbúnað sem við getum nýtt í framleiðsluferlinu. Við setjum okkur mjög metnaðarfull umhverfismarkmið fyrir árið 2025 og erum mjög nálægt því að ná þeim markmiðum. Það gerum við meðal annars með því að flytja inn hráefni og brugga sjálf úr íslensku vatni í stað þess að flytja inn bjór með tilheyrandi flutningum.“

Vinna gull um allan heim

Vöxtur á milli árána 2012 og 2018 var 75 prósent í bjórframleiðslu Ölgerðarinnar.

„Vörumerki Ölgerðarinnar falla vel í kramið, jafnt hér heima og í útlöndum. Gull hefur frá upphafi vermt toppsætin og fengið ógrynni gullverðlauna í virtustu bjórkeppnum heims, sem og Brío sem hefur líka verið sigursæll og unnið sín gullverðlaun. Bjórnir þykja afbragð á heimsvísu og hafa farið sigurför sem fulltrúar Ölgerðarinnar út á við,“ segir Ingólfur um sigurvegarana Gull og Brío.

Vinsælustu bjórar Ölgerðarinnar eru bruggaðir í þekktum bjórstílum.

„Gull er bruggaður í München Hellers-bruggstíl, Boli er bruggaður í Märzen-stíl, líkt og gert er fyrir Októberfest í Þýskalandi og Brío er humlaður lager með þýskum humlum,“ útskýrir Ingólfur sem á erfitt með að gera upp á milli Gulls, Brío og Bola, en allir eru í dálæti.



Björstíllarnir

Á heimasíðu ÁTVR, vinbudin. is, má finna alls konar fróðleik tengdan bjór. Þar má meðal annars finna fróðleik um þá bjórflokka sem eru hvað algengastir í ísskápum landsmanna. Hér er stiklað á stóru og teknir sex vinsælustu.

Ljós lager

Sá bruggstill sem flestum flýgur í hug þegar minnst er á bjór. Hann er yfirleitt ljós eða gullinn á lit og flestar tegundir eru bragðmildar. Algengast er að vínandastyrkur sé frá 4,5% til 5,6% en til eru tegundir með minni styrkleika eða meiri. Bragð af lager einkennist af lítilli beiskju en til eru tegundir þar sem hún er nokkuð afgerandi. Til þessa flokks má einnig telja ljós-millidökka „classic“ bjóra.



Hveitibjór

Hveitikorn er notað í bland við aðrar korntegundir. Heimalönd hveitibjóns eru Belgía og Þýskaland. Stíllinn er ljós og léttur, gjarnan með citrus-, banana- og kryddtónum. Hveitibjór inniheldur minnst 50% hveiti og getur verið bæði ljós og dökkur.



Dökkur lager

Hefur yfirleitt meiri bragðfyllingu en ljós lager vegna þess að maltið er meira ristað. Til þessa flokks heyra meðal annars flestir jólabjórar, sem eru oft kryddaðir og dálítið sætir. Stundum eru jólabjórarnir einnig með meiri vínandastyrk en algengast er í þessum flokki.

Öl

Yfirgerjaður bjór. Gerjunin veldur því að bjórinn fær mismunandi mikil sætueinkenni, allt eftir því hve hátt hlutfall af byggi er notað í bjórinn, og eins eftir því hvaða tegund gers er notuð. Bretar og Belgar eiga ríka hefð fyrir bruggun öls og má finna hundruð tegunda hjá þessum þjóðum.

Stout og porter



Mjög dökkir bjórar, þar sem maltið er mikið ristað. Þeir hafa oftast sterkan ristaðan keim og gjarnan lakkris- eða kaffitóna. Þeir spanna

vítt svið, allt frá írskum hversdagsbjór til kröftugra og bragðmikilla tegunda með háum vínandastyrk.

Ávaxta- og kryddbjór

Í þessum flokki er safn ólíkra tegunda sem eiga það sameiginlegt að ávextir eða krydd er ríkjandi í bragði. Þessir bjórar hafa yfirleitt litla beiskju og ávaxtabjórar geta verið ferskir og sýruríkir.

Ákallinu um bjór loksins endanlega verið svarað

Íslensk nútíma bjórsaga saman komin í einum bjór,“ segir Árni Long, bruggmeistari hjá Borg, en Bjór! rennur inn í hillur vínbúða og á valda bari landsins í dag í tilefni af bjórdeginum.

Bjór! er samstarfsverkefni með hinum goðsagnakenndu Fræbbblum, einni fyrirferðarmestu pönkhljómsveit Íslandsögunnar. Bjór! heitir eftir samnefndu lagi sem Fræbbblarnir gáfu út árið 1981 og er ein þekktasta ádeila þess tíma á

bjórbannið. Af mörgum er lagið talið þungt lóð á vogarskálarnar í baráttunni gegn banninu.

Valgarður Guðjónsson úr Fræbbblunum sat og smakkaði Bjór! þegar Fréttablaðið bar að garði og sagði að ákallinu hefði loksins verið endanlega svarað, um leið og hann fékk sér góðan sopa af nánast sínum eigin bjór.

Líðsmenn Fræbbblanna eru miklir bjóráhugamenn og hafði lengi dreymt um að koma á markað bjór undir þessu nafni.



Árni Long, ásamt Valgarði Guðjónssyni og Guðmundi Gunnarssyni úr Fræbbblunum. MYND/HARALDUR

Borg fannst sniðugt að fagna 40 ára afmæli Fræbbblanna og 30 ára afmæli bjórsins á Íslandi með þessu samstarfi, sem Fræbbblana hafði dreymt svo lengi um.

„Bjór! er einhvers konar vísun í síðustu 30 ár í bjór á Íslandi. Klassík með nútímatvisti, pilsner – þurrhumlaður með nútímapoppstjórnum Citra, sem allir svölu bjórkrakkarnir elska.

Hann er þó það aðgengilegur að allir geta prufað,“ bætir Árni bruggmeistari við.



Þetta er hún Bára!

Hún er systir Baldurs og er dökkur hveitibjór. Bára var gerjuð með öl-geri og er mjög mjúk og möltuð með daz af humlum. Kazbek humlar voru notaðir þegar hún var þurrhumluð.

Bára er 5.4% og er komin á krana á Bryggjunni brugghús.

Happy hour er alla daga milli 15:00–19:00
húsbjór dagsins á aðeins 600 kr.

SPORT



Íþróttavöruverslun



Öll helstu merkin á einum stað



Opnunartími

Virka daga 11-18
Laugardaga 11-16

Sundaborg 1 Sími 553 0700

NÆG BÍLASTÆÐI VIÐ VERSLUN

Fylgdu okkur á [facebook](#)

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

bilaborg.is
Sími 517-1111



LAND ROVER DISCOVERY 5 SE 08/2018, ek. 4 P.KM, dísel 240 hð, sjálfskiptur, loftþúðafjöðrun, glerþak, krókur ofl. Fleiri litir í boði. Verð 9.990 þús Rnr.111933. Eignum líka 2017 bíla verð frá 7990 þús.

Bilaborg
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík
Sími: 517 1111
<http://www.bilaborg.is>

Ábendinganappinn má finna á www.barnaheill.is



Bílar til sölu



Nissan X-Trail Elegance, Árg. 06/2005, sjálfsk. leðurákl. Ek. 140þús, nýjar bremsur, næsta sk. 5/2020. Verð 450.000,- Sími 864 7050.

Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn þvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

RÁÐGJÖF.

Vantar þig fyrirtækja aðstoð s.s. Fjármál, sölumál, markaðsmál, starfsmannamál eða almenna fyrirtækjaráðgjöf. Margra ára reynsla í fyrirtækjarekstri.

Hafðu samb. í 8211000
Guðlaugur eða
laugim66@gmail.com

Kynntu þér málið.

Búslóðaflutningar

JD FLUTNINGAR.

Flutningaþjónusta fyrir einstaklinga og fyrirtæki: vörufl., búslóðafl., sorpufl. og fl. S: 7868899 jdf lutningar@jdf lutningar.is

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímaakerfi, mynddyrasímar, töfluskripti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is



við erum að...
Óþeirskum tölverkum
hafa áhrif á börn.

Keypt & Selt

Til sölu



ST 5266 PB snjóblásari

B&S motor, 250cc, rafstart
Kastar 1-12 metra
Vinnubreidd 66 cm.
Upphituð handföng og ljós
Frábær í erfiðan snjómokstur

Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864
www.vetrarsol.is



Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN.IS S. 867 6677

Óskast keypt

STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-16,
Skípholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Herbergi í 105 Rvk, til leigu með aðgangi að baði, eldhúsi og þvottahúsi. Upplýsingar í síma 686 8501.

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

www.yakovswell.net

Here you will find a series of studies of the Blessed Torah.

All the material is completely free. You may download it, copy it and give it away.

www.yakovswell.net

Frumnýningum sjálfskiptan Sunlight T69 L - 2019 árg.



Sunlight T 58

Árgerðir 2016-2017. Markísa, hjólagrind, silfurgráar hliðar, álfelgur, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling ofl.ofl.

Ótrúlegt verð, frá: 6.490.000.



Dethleffs Trend A 6977

Árgerð 2015. Glæsileg háþekja. Truma Combi 6, samlit áklæði á framsætum, kapteinstólar, rafdrifin trappa, stór sjálfvirkur ísskápur með sér frystihólfi, stór lest, hjólagrind.

Ótrúlegt verð: 5.990.000.



LMC Breezer H 737 G

Árgerð 2017. Markísa, lestarlúga báðum megin, útdrag á milli rúma, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling, bakkmyndavél o.fl. ofl. Ótrúlegt verð: 9.980.000.



Sunlight T 64

Árgerð 2016. Markísa, hjólagrind, silfurgráar hliðar, álfelgur, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling ofl. ofl.

Ótrúlegt verð frá: 7.690.000.



LMC Breezer A 694 G

Árgerð 2015. Trumatic Combi 6, samlit áklæði á framsætum, kapteinstólar, stór ísskápur, hjólagrind, markísa, stór geymsla undir rúmi með lestarlúgum beggja vegna, álfelgur, 6 gíra, cruise control, loftkæling. Ótrúlegt verð: 6.290.000.



Sunlight T 69 L

Árgerð 2017. Markísa, hjólagrind, lestarlúga báðum megin, fellirúm í toppi, hjónarúm með aðgengi báðum megin, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling, 16" álfelgur ofl. ofl. Ótrúlegt verð: 9.290.000.



Sunlight T 68

Árgerð 2017. Markísa, hjólagrind, lestarlúga báðum megin, útdrag á milli rúma, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling, 16" álfelgur ofl. ofl. Ótrúlegt verð: 9.390.000.



VW Multivan Startline

Árgerð 2015. Markísa m. hliðum, hjólagrind, útdraganleg geymsluskúffa, rúm, 220 V tengi, blindgluggatjöld fram í bil, 2 kapteinstólar. Glæsilegt eintak.

Ótrúlegt verð: 3.290.000.

OPIÐ UM HELGINA FRÁ 12-16



P. KARLSSON EHF.

www.pkarlsson.is

P. Karlsson ehf | Smiðjuvöllum 5a, 230 Reykjanesbæ | 517 5200

Tilboð gjalda meðan birgðir endast

Birt með fyrirsara um innviðarvillur

Til sölu



Velcomin í sýningarsalinn Dragháls 4



Allt hjá okkur

Skemmtanir

CATALINA

CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR

Best geymda leyndarmál Kópavogs

Gullnáman

BOLTINN Í BEINNI

LAUGARDAGUR
12:30 Tottenham - Arsenal
15:00 Man.Utd. - Southampton

SUNNUDAGUR
14:00 Fulham - Chelsea
16:10 Everton - Liverpool

DAGUR BJÓRSINS 1.MARS

LIFANDI TÓNLIST

FESTIVAL

Spilar fyrir dansi

FÖSTUDAG & LAUGARDAG

FRÁ KL. 00.00 - 03.00

HAPPY HOUR VIRKA DAGA FRÁ 16-19

HEITUR MATUR ALLA DAGA 11-21

SÍMI 554 2166

HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR

WWW.CATALINA.IS

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Ef þú ert með rétta starfið - erum við með réttu manneskjuna

Capacent_

capacent.is

Tilkynningar

MOSFELLSBÆR

Tillögur að deiliskipulagi

Mosfellsbær auglýsir hér með skv. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tvær tillögur að deiliskipulagi:

Vatnsgeymir í Úlfarsfelli – tillaga að deiliskipulagi

Um er að ræða nýtt deiliskipulag í austurhlíðum Úlfarsfells fyrir iðnaðarlóð fyrir vatnsgeymi ásamt þjónustuvegi frá Skarhólbraut og lagnir neðanjarðar að og frá vatnsgeymi.

Vatnsgeyminum er ætlað að auka þrýsting á neysluvatni fyrir hverfin í Krikum og Mýrum. Lóðin kringum vatnsgeyminn er 9.294 m². Heimilt verður að reisa tvo 440 m² vatnstanka og þjónustubyggingu sem getur verið allt að 320 m². Hluti af aðkomuveginum mun liggja við eða inn á núverandi reiðleið.

Heiðarhvamur í landi Miðdals – tillaga að deiliskipulagi

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til lóðarinnar lnr. 125323, stærð 25.093 m². Lóðinni verður skipt upp í fjórar lóðir, á hverjum byggingarreit verður heimilt að byggja allt að 150 m² heilsárshús og 30 m² geymslu. Mænishæð húsa má vera allt að 5,5 m frá gólfplötu. Aðkoma að lóðunum verður frá Hafravatnsvegi um núverandi veg.

Ofangreindar tillögur verða til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar Þverholti 2, frá 1. mars 2019 til og með 12. apríl 2019, svo að þeir sem þessa óska geti kynnt sér þær og gert við þær athugasemdir. Tillögurnar eru einnig birtar á heimasíðu Mosfellsbæjar á slóðinni:

mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar

Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal senda þær til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ eða í tölvupósti til undirritaðs eigi síðar en 12. apríl 2019.

1. mars 2019
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
olafurml@mos.is

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆDNI • FRAMSKRANINGAR • UMHYGGJA

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Athugun Skipulagsstofnunar

Efnistaka í Rauðamel á Reykjanesi

Íslenskir aðalverktakar hafa tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um efnistöku í Rauðamel á Reykjanesi, Grindavíkurbæ og Reykjanesbæ.

Kynning á frummatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 1. mars til 15. apríl á eftirtöldum stöðum: á bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar, á bæjarskrifstofu Reykjanesbæjar, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Athugun Skipulagsstofnunar

Efnistaka í Súlum og Stapafelli á Reykjanesi

Íslenskir aðalverktakar hafa tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um efnistöku í Súlum og Stapafelli á Reykjanesi, Grindavíkurbæ og Reykjanesbæ.

Kynning á frummatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 1. mars til 15. apríl á eftirtöldum stöðum: á bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar, á bæjarskrifstofu Reykjanesbæjar, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

Fasteignir

Höfðatorg

Briertartún 9-11

105 Reykjavík

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Glæsilegar íbúðir með lokuðum svölum
Sýnum samdægurs - bókið skoðun
Afhending: Mars/Apríl 2019

Verð frá : **43,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG 569 7000** Lág múla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Sandslundur

7,7 hektara eignarland
Skiki úr jörðinni Sandur í Kjós (nefndur Sandslundur 16)

Landið er láglendi við rætur Sandsfjalls og liggur nánast að Meðalfellsvatni Samanstendur af mýri og þurrlendi

Aðgengi í rafmagn, kalt- og heitt vatn er gott
Byggingarleyfi er mjög aðgengilegt Mikið og falllegt útsýni - Verzlun er skammt frá

Nánari upplýsingar veitir:
Jason Ólafsson, lögg. fasteignasali
jassi@miklaborg.is sími: 775 1515

Verð : **17,5 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG 569 7000** Lág múla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

Capacent_

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent.is

TÍMAMÓT

GULLBRÚÐKAUP

Kristín María Eggertsdóttir og Jens Gíslason

frá Siglufirði eiga 50 ára brúðkaupsafmæli, gullbrúðkaup, í dag 1. mars.

Dæturnar Dagmar, María og Elsa ásamt fjölskyldum þeirra óska þeim innilega til hamingju með daginn.



Yndislega móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jensína Jóna Kristín Guðmundsdóttir

frá Tannanesi í Önundarfirði,

lést laugardaginn 23. febrúar á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi.

Útför hennar fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ, mánudaginn 4. mars, klukkan 15.00.

Þorsteinn Ingimundarson
Daði V. Ingimundarson
Guðrún K. Ingimundardóttir
Helga G. Ingimundardóttir
Jóhanna Ingimundardóttir

Sigríður G. Karvelsdóttir
Olga B. Jóhannsdóttir
Gunnar B. Guðmundsson
Sigurður Kjartansson

ömmubörn og langömmubörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ólína G. Melsted

Kirkjuteigi 1, Reykjanesbæ,

lést á heimili sínu 23. febrúar. Jarðsungið verður frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 8. mars kl. 13.

Guðmundur Jónsson
Þorvarður Guðmundsson
Unnur Guðmundsdóttir
Gunnar Guðmundsson

Ingunn Pédersen
Ásgeir Þórðarson
Tinna Magnúsdóttir
Friða Ragna Ingvarsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir, tengdafaðir, afi og langafi,


Jón Erlendsson

Birkihvammi 9, Kópavogi,

sem lést þann 20. febrúar, verður jarðsungið frá Lindakirkju þann 5. mars kl. 13.00.

Ólafur Atli Jónsson
Erlendur Jón Smedberg
Ísak Þór Atlason
Anna Kristín Atladóttir
Bragi Þór Gunnarsson

Ruth Jensdóttir
Johi Smedberg
Gunnar Þór Kristinsson



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ágúst Jóhannsson

frá Sporði, Hvammstangabraut 20, Hvammstanga,

lést á HVE, Hvammstanga, 25. febrúar. Jarðarför fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Þorbjörn Ágústsson
Jóhanna Sigurða Ágústsd.

Oddný Jósefsdóttir
Guðmundur Vilhelmsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is. Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot



Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff, er barnabarn stofnanda fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Óhrædd að þróast og breytast með tímanum

Í ár eru liðin 90 ár frá stofnun Pfaff sem selt hefur landsmönnum saumavélar, ljós og ýmislegt fleira í gegnum árin. Fyrirtækið hefur alla tíð verið rekið af sömu fjölskyldunni og er enn að fullu í eigu hennar. Allt árið verður notað til að halda upp á afmælið.

Það er ekkert algengt að fyrirtæki nái þessum aldri og hvað þá á sömu kennitölunni eins og við. Okkur finnst bara tilefni til að gleðjast yfir afmælinu allt árið," segir Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff, en fyrirtækið fagnar 90 ára afmæli á árinu.

Það var afi Margrétar sem stofnaði fyrirtækið 1929 en pabbi hennar tók við af honum. Margrét tók svo við rekstrinum fyrir 25 árum. Sagan á bak við stofnun Pfaff á Íslandi er nokkuð merkileg.

Magnús Þorgeirsson, afi Margrétar, ætlaði að panta saumavél fyrir systur sína og skrifaði til Pfaff-verksmiðjanna í Þýskalandi. Hann fékk þau svör að hann gæti ekki keypt eina vél en ef hann keypti sex gæti hann fengið umbodið á Íslandi og það varð úr.

„Þetta byrjaði svona eiginlega bara fyrir tilviljun en það er nú oft þannig í lífinu að það skemmtilega sem kemur fyrir mann er oft eitthvað sem gerist fyrir tilviljun," segir Margrét.

Hún segir að fyrirtækið hafi verið



Það er nú oft þannig í lífinu að það skemmtilega sem kemur fyrir mann er oft eitthvað sem gerist fyrir tilviljun.

Margrét Hinriksdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff

mjög farsælt, skuldi ekki neitt og skili góðri afkomu. „Ég held að það sé einmitt vegna þess að hver kynslóð hafi verið ofboðslega óhrædd við að gera breytingar. Fyrirtækið sem pabbi rak var mjög ólíkt því sem afi rak og fyrirtækið sem ég er að reka í dag er gjörbreytt frá því sem ég tók við fyrir 25 árum. Það er líka það sem verður banabiti margra fyrirtækja að þau bara staðna og passa ekki upp á að breytast með tímanum.“

Í dag eru fimm meginvöruflokkar hjá fyrirtækinu sem eru ljós, saumavélar,

hljóðdeild, símadeild og heilsuvörur. „Það myndi enginn stofna svona fyrirtæki í dag með þessu vöruframboði en þetta á bara rætur að rekja til sögu fyrirtækisins.“

Allan tímann hafa haldist góð tengsl við Pfaff í Þýskalandi þótt margt hafi líka breyst þar á bæ. „Við höfum allar götur ákveðið að halda í nafnið sem mörgum finnst sérkennilegt og skritið upp á íslenskuna. Við lögðum nú í það fullt af peningum og tíma hérna 2007 þegar það var í tísku að skipta um nöfn á fyrirtækjum að velja því fyrir okkur. Sem betur fer vorum við það lánsöm að halda í gamla nafnið.“

Aðspurð hvort hún sjái sér að næsta kynslóð taki við keflinu af henni segir Margrét að það sé of snemmt að segja til um það. „Það hefur aldrei verið nein pressa á komandi kynslóð að taka við. Ef hún vill ekki taka við þá er alltaf hægt að fá gott fólk til að reka fyrirtækið. Við erum ekkert farin að velja því fyrir okkur. Ég er líka svo ofboðslega ung ennþá að ég á vonandi mörg ár eftir," segir Margrét hlæjandi að lokum. sighvatur@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 1. MARS 1953

Jósef Stalín fær heilablóðfall

Þennan dag árið 1953 fannst Jósef Stalín, leiðtogi Sovétríkjanna, meðvitundarlaus á heimili sínu eftir að hann hafði fengið heilablóðfall. Stalín hafði þá verið við stjórnvölinn í 31 ár, stýrt ríkinu til sigurs í seinni heimsstyrjöld, látið taka pólitíska andstæðinga af lífi og svelt milljónir til dauða í Úkraínu.

Þjóðviljinn fjallaði um veikindi Stalíns síðar í vikunni. „Miðstjórninni og ríkisstjórninni, öllum flokki okkar og allri sovétþjóðinni er ljóst, hve mikið skarð verður fyrir skildi, ef félagi Stalín verður að láta af störfum," var vitnað í tilkynningu frá Moskvu.

Málinu voru sömuleiðis gerð góð

skil í Morgunblaðinu þar sem meðal annars var rætt um mögulega eftirmenn. „Stríðið um völdin muni standa milli Molotovs, Malenkovs og Beria.“

Svo fór að Stalín lést þann fimmta mars og Malenkov tók við. Á forsiðu Verkamannsins degi síðar sagði: „Með honum féll í valinn ástsælasti leiðtogi Ráðstjórnarþjóðanna og foringi hinnar alþjóðlegu verkalyðshreyfingar.“ Þjóðviljinn sagði svo

frá því að þjóðarsorg ríkti í Sovétríkjunum.

Kvikmyndin The Death of Stalin, er fjallar um valdabaráttu í kjölfar andláts hans, kom út í fyrra og vakti töluverða lukku. Fréttablaðið gaf myndinni heilar fimm stjórnur. „Þessi mynd er eins og vel skorinn demantur. Gráglettinn og léttleikandi farsí um ómurlagt tímabil á síðustu öld. Veisla fyrir unnendur góðra bíómynda og áhugafólk um sögu Sovétríkjanna," var niðurstaðan.



Sölusýning lau. og sun.
2. og 3. mars kl. 13-15.
Einungis 3 íbúðir eftir þar á meðal endahús sem er nýtilbúið.



„Þetta eru sérstaklega vandaðar eignir.“

Halldór Ragnarsson
Byggingarstjóri og annar eigenda Húsanes

Fleiri myndir og sölulýsingu má finna á www.husanes.is



Húsanes kynnir:

STÓRGLÆSILEG TVÍBÝLISHÚS

að Leirdal 23-27 í hjarta Dalshverfis í Reykjanesbæ.

Einu sérhæðirnar með bílskúr og stórri verönd í boði á Suðurnesjum!

Aðeins um 15 mín. akstur frá Hafnarfirði.

Fullbúnar lúxuseignir með öllum gólfefnum – hægt að fá heitan pott með öllum eignum:

- Sérsmíðaðar innréttingar og granít á borðum
- Stórar ítalskar 60x60 flísar á öllum gólfum ásamt gólfhita
- AEG heimilistæki og LED lýsing innan- og utandyra í öllum eignum
- Jarðhæðinni fylgir 58 m² sólpallur og efri hæðinni fylgja 55 m² þaksvalir
- Garður fullfrágenginn og hægt að fá heitan pott með öllum eignum
- Bílastæði hellulögð með hitalögn í gönguleið ásamt upplýstum blómakerjum og náttúrustein
- Eignirnar eru fjögurra herbergja

Stærðir: 106 m² án bílskúrs og allt að 156 m² með bílskúr
Verð frá 47 millj.

Möguleiki á viðbótarfjármögnun eða kaupleigu hjá seljanda.

Nánari upplýsingar má finna á www.husanes.is eða hjá Eignasala.is í síma 420-6070 (eignasala@eignasala.is) og Sigrúnu Sig. hjá Þingholti í síma 773-7617 (sigrun@tingholt.is)


Húsanes Verktakar ehf.

Mannvirkjagerð er okkar fag

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Föstudagur

Austan og norðaustan 10-15, en 15-23 um landið norðvestanvert. Snjócoma með köflum norðan til og frystir þar, en rigning sunnanlands og hiti 2 til 7 stig.



Laugardagur

Reykjavík ☀️ 3° ↘️ 3	Ísafjörður ☁️ -0° ← 7	Akureyri ☁️ -2° ↘️ 2
Egilsstaðir ☁️ -0° ↓ 12	Kirkjubæjarkl. ☁️ 3° ↓ 2	Hveravellir ☁️ -4° ↙️ 4

Sunnudagur

Reykjavík ☁️ 2° ← 1	Ísafjörður ☁️ 2° ↙️ 11	Akureyri ☁️ 1° ↓ 4
Egilsstaðir ☁️ 2° ← 9	Kirkjubæjarkl. ☁️ 4° ↙️ 3	Hveravellir ☁️ -2° ↓ 8

LÉTT

1				5		6
		5	9	6		
8		3			2	5
3	7	1		5		
4			2		9	6
		6	3	8		
			4	2	6	7
	3				5	1
						2

MIDLUNGS

				4	6	9	3	
6	8			5				4
			1				5	
7	2		6				4	
5	6	8	9				1	
				1	2		8	
4					5			1
8		7				6		
			4	9			7	

PUNG

		7				1		8
5	8						9	1
		2	3					
4	5							
								1
			3		9	7	2	
	3	6		2				9
	9			4			3	
			8					

Krossgáta

LÁRÉTT

- leið
- dá
- rún
- klaufska
- skóli
- bók
- lasleiki
- fugl
- fyrirferð
- fjandi

LÓDRÉTT

- aldin
- heigull
- óhreinka
- ríki í afríku
- bókstafur
- borgað
- lasleiki
- rándýr
- agnadýr
- veir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. þraut, 2. ríki, 3. átt, 4. tónis, 5. átt, 6. átt, 7. átt, 8. átt, 9. átt, 10. átt, 11. átt, 12. átt, 13. átt, 14. átt, 15. átt, 16. átt, 17. átt.
LÓDRÉTT: 1. þraut, 2. ríki, 3. átt, 4. tónis, 5. átt, 6. átt, 7. átt, 8. átt, 9. átt, 10. átt, 11. átt, 12. átt, 13. átt, 14. átt, 15. átt, 16. átt, 17. átt.

Skák Gunnar Björnsson

Soultan-Bieff átti leik gegn Borodin í Brussel árið 1943.

Hvítur á leik



- Hg2! Hg8 (1... Dxf3)
- Dxf8#)
- Dxh7+! Kxh7
- Hh3# 1-0.

Íslandsmót skákléglaga hófst í gær í fyrstu deild og verður framhaldið í kvöld í öllum deildum. Fjölirnir, Huginn og Víkingaklúbburinn berjast um Íslandsmeistaratilinn.

www.skak.is: Íslandsmót skákléglaga.


7	4	5	9	8	1	6	3	2
6	2	1	7	3	5	4	9	8
3	8	9	2	4	6	1	5	7
9	3	8	4	1	7	2	6	5
1	6	2	5	9	8	7	4	3
4	5	7	3	6	2	8	1	9
8	7	3	6	5	4	9	2	1
2	9	6	1	7	3	5	8	4
5	1	4	8	2	9	3	7	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

Fór í hjartastopp í 26 mínútur

Gunnar Karl Haraldsson hefur alla tíð tekið hlutskipti sínu af æðruleysi. Hann fæddist með taugasjúkdóm sem lagðist þungt á hann og hefur ekki tölu á þeim aðgerðum sem hann fór í sem barn og unglingur. Hann stundar háskólanám og lifir í núinu.



Enginn sér eftir því að velja að lifa

„Við erum alltaf betur sett ef við tölum um hlutina,“ segir **Lóa Pind** sem sýnir fyrsta þátt í nýrri þáttaröð um sjálfsvíg á sunnudag. Hún segir að huga þurfi að því að ungt fólk geti ræktað hæfileika sína og fundið sér tilgang.




Ungur listakokkur

Aðalheiður Dögg Reynisdóttir er 22 ára gömul og eftirréttakokkur frá hinum virta matreiðsluskóla **Le Cordon Bleu**. Hún gefur lesendum uppskrift að gómsætri bollu fyrir bolludag.


RÚV er fillinn í stofunni

Þingmennirnir **Hanna Katrín Friðriksson**, **Kolbeinn Proppé** og **Óli Björn Kárason**, sem störfuðu öll á fjölmiðlum, ræða stöðu einkarekinna fjölmiðla, Ríkisútvarpið og tillögur ráðherra um stuðning við sjálfstæða fjölmiðla.


Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi



2990.-



1990.-



9990.-

BÓKA
MARKAÐURINN
Laugardalsvelli


22. FEBRÚAR - 10. MARS

ÓTRÚLEGT ÚRYVAL • ÞÚSUNDIR TITLA


OPID KL. 10 - 21 ÖLL KVÖLD



1990.-




1990.-



2990.-



1290.-




1490.-



990.-



690.-



1990.-

Frumstæðar hvatir

BÆKUR

Tvöfaldar tjónabætur



James M. Cain

Útgefandi: Ugly
Þýðandi: Þórdís Bachmann
Fjöldi síðna: 176

James M. Cain skrifaði harðsoðnar glæpasögur og öðlaðist mikla frægð fyrir tvær þeirra, Pósturinn hringir alltaf tvisvar og Tvöfaldar tjónabætur, sem báðar hafa komið út í íslenskri þýðingu. Pósturinn hringir alltaf tvisvar kom út fyrir fjölmörgum árum en Tvöfaldar tjónabætur kom út á dögunum. Báðar þessar sögur urðu á sínum tíma að klassískum kvikmyndum og eiga það sameiginlegt að fjalla um par sem drepur eiginmann konunnar. Billy Wilder leikstýrði Tvöföldum tjónabótum árið 1944 og gerði einnig handritið ásamt töffaranum og glæpasagnahöfundinum Raymond Chandler. Kápmýnd íslensku útgáfunnar skartar einmitt mynd af aðalleikurum þeirrar myndar, Fred MacMurray og Barböru Stanwyck. Wilder reiddist illa þegar mynd hans hreppti ekki Óskarsverðlaun, eins og margir



Fred MacMurray og Barbara Stanwyck sýndu bæði stjórnuleik í klassískri kvikmynd sem Billy Wilder gerði eftir sögunni og var tilnefnd til Óskarsins.

höfðu búist við. Þetta er mynd sem unnendur klassískra kvikmynda hljóta að hafa í hávegum og er mjög trú sögunni þótt endirinn sé annar, en núturlegur eins og í bókinni.

Glæpasögur samtímans eru iðulega langar, höfundar hika ekki við að skrifa 400-500 blaðsíður þótt þeir hafi til þess litla burði. Cain kunni til verka, hann skrifar

knappan harðsoðinn stíl sem hittir beint í mark. Þessi stórgóða glæpasaga hans er stutt og snörp, innan við 200 síður. Það er fengur að henni á íslensku en þýðingin hefði mátt vera vandaðri, lesandinn hnýtur um hnökra.

Aðalpersónan og sögumaður er Walter Huff tryggings sölumaður sem kynnist Phyllis Nirdlinger sem er áhugasöm um að kaupa slystryggingu fyrir eiginmann sinn. Þau láðast hvort að öðru og girnd og græðgi verða til þess að þau skipuleggja morð á eiginmanni hennar, morð sem á að verða fullkomið. Hlutirnir fara á annan veg.

Hinn kaldi og hamraði stíll sögunnar skapar óhugnað sem umlykur verkið. Aðalpersónurnar eru kaldrifjaddir og sjálfhverfar. Phyllis er tálkvendi sem svífst einskis og smám saman eru grimmdarverk



hennar opinberuð. Hún virðist nánast sálar- og samviskulaus. Walter er eins og dáleiddur af henni en það er stjúpóttir Phyllis sem endurvekur það mannlega í honum. Það gerist of seint því Walter er fastur í gildru og er farinn að hata konuna sem hann hafði gefið sig á vald. Þau tortryggja hvort annað og það með réttu og sitt í hvoru lagi grípa þau til örþrifa-ráða í tilraun til að bjarga eigin skinni.

Þau hafa hins vegar misst stjórn á atburðarásinni og undir lokin er einungis ein leið fær. Lok sögunnar eru nokkuð óvænt, drungaleg og dimm eins og hæfir verki eins og þessu.

Kolbrún Bergþórsdóttir

NIÐURSTADA: Klassísk glæpasaga sem allir unnendur glæpasagna verða að lesa. Gríðarlega vel samín.

verður með beina útsendingu 989

FJÖRÐUR

Fjölskylduhátíð

Leikfangaland.is

Opnar

eina af stærstu leikfangabúð landsins á jarðhæð í FIRÐI

- Opnunartilboð og TaxFree
- Fyrstu 1.000 fá ís
- Allir sem versla fá glaðning

Sigga Kling
kl. 15-17

Blöðrukarlinn
kl. 16-18

Andlitsmálun

Fútlúx
kl. 16:30

Í VERSLUNUM FJARÐAR
MIÐ-LAU

TAX-free er 19,35% afsláttur, gildir ekki með öðrum tilboðum.



Nóg verður um að vera í tilefni af 30 ára afmæli bjórsins. NORDICPHOTOS/GETTY

Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

1. MARS 2019

Hvar? Alþjóðlegur bændagur kvenna í 60 ár

Hvenær? 18.00

Hvar? Kirkja Óháða safnaðarins Alþjóðlegur bændagur kvenna hefur verið haldinn á Íslandi í samfelld 60 ár. Viða um land eru bæna- og samverustundir í tilefni dagsins sem að þessu sinni ber upp á 1. mars. Á höfuðborgarsvæðinu er samvera kl. 18.00 í kirkju Óháða safnaðarins, Háteigsvegi 56. Tónlist flytja Kristján Hrannar og Óháði kórinn. Fluttar verða sögur og bænir frá konum í Slóveníu. Karlar og konur velkomin.

Hvað? Rauða ljónið í 30 ár

Hvenær? 19.00

Hvar? Rauða ljónið, Eiðistorgi 15 í tilefni af 30 ára afmæli Rauða ljónsins á bjórdaginn 1. mars verðum við í hátíðarskapi og munum við hafa 30 ára gömul verð á björnum og tilboð á hamburgurum og pitsum. Frá klukkan 20.00 munu okkar allra bestu Hörður Bjarkar og Pétur Finnboaga spila fyrir dansi.

Hvað? Ungir XD: 30 ára afmæli bjórsins

Hvenær? 17.00-19.00

Hvar? Bryggjan Brugghús, Grandagarði 8
Í dag, föstudaginn 1. mars, verða 30 ár liðin frá því að sala bjórs var leyfð hér á landi. Af því tilefni ætlum við að gera okkur glaðan dag, fagna saman og svaða þorstanum innan um bjórflórana á Bryggjunni brugghúsi.

Hvað? Bjór og sálmar í Langholtskirkju

Hvenær? 20.00-22.00

Hvar? Langholtskirkja, Sólheimum 11-13
Bjór- og sálmakvöld hafa verið haldin í kirkjum bæði hérlendis og erlendis og vakið mikla lukku. Magnús Ragnarsson kórstjóri stýrir söng vel valinna sálma og hægt verður að kaupa sér einn kaldan í kirkjunni á sanngjörnu verði, en ágóðinn rennur í sjóð kórsins sem tekur þátt í kórakeppni í Tours í Frakklandi í sumar.

Hvað? Opnunarteiti Mottumars

Hvenær? 16.00-18.00

Hvar? Herrafataverzlun Kormáks og Skjaldar, Laugavegi 59
Það er okkur mikil ánægja að bjóða þér og þínum í opnunarteiti Mottumars sem haldið verður í Herrafataverzlun Kormáks og Skjaldar að Laugavegi 59 í dag, 1. mars, frá kl. 16 til 18. Bartónar, Kór Kaffibarsins, flytur nokkur

Heiðursgestir á bókamessu í Gdansk

Ísland verður heiðursgestur á bókamessunni Gdańskie Targi Książki sem fram fer í Polish Baltic Philharmonic í Gdansk, Póllandi, í lok þessa mánaðar, nánar tiltekið helgina 29.-31. mars 2019. Þar verða íslenskar bókmenntir og höfundar í brennidepli, sem og þýðingar úr íslensku á pólsku. Bókamessan er nú haldin í annað sinn.

Aðstandendur bókamessunnar hafa boðið til Gdansk nokkrum íslenskum höfundum sem eiga nú þegar bækur í pólskri þýðingu eða eru væntanlegar á næstunni. Höfundarnir eru þau Hallgrímur Helgason sem hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin í ár fyrir skáldsöguna Sættu kíl af sólskini og hafa fyrri bækur hans, Konan við 1000° og 101 Reykjavík, vakið mikla athygli í Póllandi, Steinunn Sigurðardóttir, rithöfundur og ljóðskáld, en von er á bók hennar Heiða – fjalldalabóndinn í pólskri þýðingu Jacek Godek, Einar Kárason, en nýjasta bók hans, Stormfuglar, kemur út í Póllandi á næstunni, Elísabet Jökulsdóttir en ljóðabókin Astin ein taugahrúga. Enginn dans við Ufsaklett kemur út á pólsku á vormánuðum í þýðingu Jacek og Sigríður Hagalín Björnsdóttir, en fyrsta bók hennar Eyland kom út í Póllandi í fyrra, og von er á bókinni Hið heilaga orð í pólskri þýðingu. Þau taka þátt í dagskránni með margvíslegum kynningum á bókum sínum.

Þýðendur íslenskra bókmennta á



Íslensku rithöfundarnir sem mæta til Póllands seinna í þessum mánuði.

pólsku verða einnig þátttakendur á messunni. Jacek Godek er öflugasti þýðandi íslenskra bókmennta á pólsku og verður hann í pallborði með höfundunum þar sem rætt verður um þýðingar bókanna, áskoranir og þælingar um tungumálið, menningu og fleira og fleira. Miðstöð íslenskra bókmennta verður

jafnframt með bás á messunni með nýjum íslenskum bókum sem og bókum eftir íslenska höfunda í pólskri þýðingu.

Íslenska sendiráðið í Þýskalandi, sem annast sendiráðsstörf í Póllandi, leggur þátttöku Íslands lið með ýmsum hætti og setur sendiherrann, Martin Eyjólfsson, messuna. – kb

Þjóðleikhúsið 551 1200 • leikhusid.is

Ronja Ræningjadóttir Stóra sviðið			
Sun. 03.03 kl. 13:00	Sun. 24.03 kl. 13:00	Sun. 14.04 kl. 13:00	Sun. 12.05 kl. 13:00
Sun. 03.03 kl. 16:00	Sun. 24.03 kl. 16:00	Sun. 14.04 kl. 16:00	Sun. 12.05 kl. 16:00
Sun. 10.03 kl. 13:00	Sun. 31.03 kl. 13:00	Sun. 28.04 kl. 13:00	Sun. 19.05 kl. 13:00
Sun. 10.03 kl. 16:00	Sun. 31.03 kl. 16:00	Sun. 28.04 kl. 16:00	Sun. 19.05 kl. 16:00
Sun. 17.03 kl. 13:00	Sun. 07.04 kl. 13:00	Sun. 05.05 kl. 13:00	
Sun. 17.03 kl. 16:00	Sun. 07.04 kl. 16:00	Sun. 05.05 kl. 16:00	

Einræðisherrann Stóra sviðið			
Lau. 02.03 kl. 19:30	Lau. 09.03 kl. 19:30	Fös. 29.03 kl. 19:30	
Fös. 08.03 kl. 19:30	Lau. 23.03 kl. 19:30	Fös. 05.04 kl. 19:30	

Jónsmessunæturdraumur Stóra sviðið			
Fös. 01.03 kl. 19:30	Fös. 15.03 kl. 19:30	Fös. 22.03 kl. 19:30	Lau. 06.04 kl. 19:30
Fim. 07.03 kl. 19:30	Lau. 16.03 kl. 19:30	Lau. 30.03 kl. 19:30	Fös. 12.04 kl. 19:30

Pitt eigið leikrit Kúlan			
Fös. 01.03 kl. 18:00	Lau. 09.03 kl. 15:00	Lau. 23.03 kl. 17:00	Sun. 31.03 kl. 17:00
Lau. 02.03 kl. 15:00	Lau. 09.03 kl. 17:00	Sun. 24.03 kl. 15:00	Lau. 06.04 kl. 15:00
Lau. 02.03 kl. 17:00	Sun. 17.03 kl. 15:00	Sun. 24.03 kl. 17:00	Sun. 07.04 kl. 15:00
Fim. 07.03 kl. 18:00	Sun. 17.03 kl. 17:00	Lau. 30.03 kl. 15:00	
Fös. 08.03 kl. 18:00	Lau. 23.03 kl. 15:00	Sun. 31.03 kl. 15:00	

Súper Kassinn			
Lau. 16.03 kl. 19:30	Mið. 27.03 kl. 19:30	Fim. 04.04 kl. 19:30	Fös. 12.04 kl. 19:30
Mið. 20.03 kl. 19:30	Fim. 28.03 kl. 19:30	Lau. 06.04 kl. 19:30	
Fim. 21.03 kl. 19:30	Lau. 30.03 kl. 19:30	Mið. 10.04 kl. 19:30	
Fös. 22.03 kl. 19:30	Mið. 03.04 kl. 19:30	Fim. 11.04 kl. 19:30	

Mið-Ísland Leikhúskjallarinn			
Fös. 01.03 kl. 19:30	Lau. 02.03 kl. 22:00	Fös. 08.03 kl. 22:00	
Fös. 01.03 kl. 22:00	Fim. 07.03 kl. 19:30	Lau. 09.03 kl. 19:30	
Lau. 02.03 kl. 19:30	Fös. 08.03 kl. 19:30	Lau. 09.03 kl. 22:00	

Improv Leikhúskjallarinn			
Mið. 06.03 kl. 20:00	Mið. 20.03 kl. 20:00	Mið. 03.04 kl. 20:00	
Mið. 13.03 kl. 20:00	Mið. 27.03 kl. 20:00		

Bara góðar Leikhúskjallarinn			
Sun. 03.04 kl. 20:00	Sun. 17.03 kl. 20:00		

Dimmalimm Brúðuloftið			
Lau. 14.03 kl. 14:00	Lau. 23.03 kl. 14:00	Lau. 30.03 kl. 14:00	

Borgarleikhúsið 568 8000 • borgarleikhus.is

Matthildur Stóra sviðið			
Pri. 12.03 kl. 19:00	Fös. 22.03 kl. 19:00	Sun. 07.04 kl. 19:00	Fös. 26.04 kl. 19:00
Mið. 13.03 kl. 19:00	Lau. 23.03 kl. 19:00	Mið. 10.04 kl. 19:00	Sun. 28.04 kl. 19:00
Fim. 14.03 kl. 19:00	Sun. 24.03 kl. 19:00	Fös. 12.04 kl. 19:00	Pri. 30.04 kl. 19:00
Fös. 15.03 kl. 19:00	Mið. 27.03 kl. 19:00	Lau. 13.04 kl. 19:00	Fim. 02.05 kl. 19:00
Lau. 16.03 kl. 19:00	Fim. 28.03 kl. 19:00	Sun. 14.04 kl. 19:00	Mið. 08.05 kl. 19:00
Sun. 17.03 kl. 19:00	Sun. 31.03 kl. 19:00	Pri. 16.04 kl. 19:00	Fim. 09.05 kl. 19:00
Mið. 20.03 kl. 19:00	Mið. 03.04 kl. 19:00	Mið. 24.04 kl. 19:00	
Fim. 21.03 kl. 19:00	Fös. 05.04 kl. 19:00	Fim. 25.04 kl. 19:00	

Elly Stóra sviðið			
Fös. 01.03 kl. 20:00	Lau. 30.03 kl. 20:00	Sun. 05.05 kl. 20:00	Fös. 31.05 kl. 20:00
Lau. 02.03 kl. 20:00	Lau. 06.04 kl. 20:00	Sun. 12.05 kl. 20:00	Lau. 08.06 kl. 20:00
Fös. 08.03 kl. 20:00	Lau. 13.04 kl. 20:00	Fös. 17.05 kl. 20:00	Lau. 15.06 kl. 20:00
Lau. 09.03 kl. 20:00	Lau. 27.04 kl. 20:00	Fös. 24.05 kl. 20:00	

Ríkharður III Stóra sviðið			
Sun. 03.03 kl. 20:00	Fös. 29.03 kl. 20:00	Fim. 04.04 kl. 20:00	Fim. 11.04 kl. 20:00

Fólk, staðir og hlutir Litla sviðið			
Fös. 01.03 kl. 20:00	Fim. 07.03 kl. 20:00	Sun. 10.03 kl. 20:00	Fös. 15.03 kl. 20:00
Lau. 02.03 kl. 20:00	Fös. 08.03 kl. 20:00	Mið. 13.03 kl. 20:00	Lau. 16.03 kl. 20:00
Mið. 06.03 kl. 20:00	Lau. 09.03 kl. 20:00	Fim. 14.03 kl. 20:00	Sun. 17.03 kl. 20:00

Kvenfólk Nýja sviðið			
Fös. 01.03 kl. 20:00	Fös. 08.02 kl. 20:00	Fös. 15.03 kl. 20:00	
Lau. 02.03 kl. 20:00	Lau. 09.03 kl. 20:00		

Kæra Jelena Litla sviðið			
Fös. 12.04 kl. 20:00	Pri. 24.04 kl. 20:00	Sun. 28.04 kl. 20:00	Sun. 05.05 kl. 20:00
Sun. 14.04 kl. 20:00	Mið. 25.04 kl. 20:00	Fim. 02.05 kl. 20:00	Mið. 08.05 kl. 20:00
Pri. 16.04 kl. 20:00	Fim. 26.04 kl. 20:00	Fös. 03.05 kl. 20:00	

Club Romantica Nýja sviðið			
Fim. 28.02 kl. 20:00	Sun. 03.03 kl. 20:00	Fim. 07.03 kl. 20:00	

Kvöldvaka með Jóni Gnarr Litla sviðið			
Lau. 13.04 kl. 20:00			

Allt sem er frábært Litla sviðið			
Lau. 04.05 kl. 20:00	Fim. 09.05 kl. 20:00	Lau. 11.05 kl. 20:00	



Menningarumræða á virkum dögum á Rás 1

VÍÐSJÁ



mán.-mið. kl. 16-17

Guðni Tómasson og Kristján Guðjónsson varpa ljósi á það sem er efst á baugi í menningu og listum.

LESTIN



mán.-fím. kl. 17-18


Umfjöllun um dægurmenningu, samfélagsmiðla og allt sem mótar líf okkar, í umsjón Eiríks Guðmundssonar, Ónna Gyðu Sigurgísladóttur og Ónna Marsibil Clausen.

LESTAR-KLEFINN



föstudaga kl. 17-18

Farþegar í Lestarklefanum ræða um menningar- og listviðburði sem athygli vöktu í vikunni. Sendur út á Rás 1, RÚVmenning.is og RÚV2.



Menningin finnur sér farveg á RÚV.is

RÁS 1

fyrir forvitna

DAGSKRÁ

Föstudagur

RÚV SJÓNVARP

- 10.00 EM í frjálsíþróttum innanhúss** Bein útsending frá EM í frjálsum íþróttum innanhúss í Glasgow.
- 13.15 Úr Gullkistu RÚV.** Útvar 2012-2013 Fjarðabyggð - Garðabær
- 14.05 Úr Gullkistu RÚV.** 91 á stöðinni
- 14.25 Úr Gullkistu RÚV.** Toppstöðin
- 15.40 Séra Brown** Breskur sakamálaþáttur um hinn slungna séra Brown sem er ekki bara kaþólskur prestur heldur leysir glæpsamleg mál á milli kirkjuathafna. Aðalhlutverk: Mark Williams.
- 16.25 Landinn 24. febrúar 2018**
- 16.55 #12stig Upphitun fyrir úrslit Söngvakeppninnar**
- 17.55 Tákn málsfréttir**
- 18.05 Ósagða sagan** Stórskemmtilegir þættir þar sem breskir grínistar sýna okkur þær hliðar á sögunni sem okkur er ekki kennt í skóla.
- 18.30 Krakkastígur Höfn** Við heimsækjum Höfn í Hornafirði. Hittum þrjá skemmtilega krakka þar sem við spjölluðum um heima og geima í gegguðu skipi sem er á höfninni. Friðrik segir okkur frá upphalds hlutum sínum sem er of stór til að taka með og hvernig heimurinn væri betri ef allir væru bændur. Krakkarnir sem við hittum þar heita. Ívar Goði Bragason, Solyana Natalie Feleksdóttir, Friðrik Snær Friðriksson.
- 18.35 Krakkafréttir vikunnar**
- 19.00 Fréttir**
- 19.35 Veður**
- 19.45 Gettu betur Fyrri undanúrslit** Bein útsending frá spurningakeppni framhaldsskólanna sem einkennist af stemningu, spennu og virkri þátttöku allra í salnum. Spurningahöfundar og dómamarar eru Ingileif Friðriksdóttir, Vilhelm Anton Jónsson og Sævar Helgi Bragason. Spyrill er Kristjana Arnarsdóttir.
- 20.55 Vikan með Gísla Marteini** Gísl Marteinn fær til sín góða gesti á föstudagskvöldum í vetur. Allir helstu atburðir vikunnar í stjórnmálum, menningu og mannlífi eru krufnir í beinni útsendingu.
- 21.40 Siðbúið sólarlag Hold the Sunset**
- 22.15 Norrænir bíó dagar. Elska þig að eilífu Elsker dig for evigt** Dönsk kvikmynd frá 2002. Joachim og Cecilie eru ung og ástfangin, en dag einn verður Joachim fyrir bíl og lamast fyrir neðan háls. Cecilie dvelur hjá honum á spítalanum og kynnist þar læknum Niels, en hann er eiginmaður konunnar sem ók á Joachim. Með þeim myndast nán tengsl sem koma lífi þeirra beggja í uppnám. Leikstjóri. Susanne Bier. Aðalhlutverk. Mads Mikkelsen, Sonja Richter, Nikolaj Lie Kaas og Paprika Steen. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra
- 00.05 Dirty Rotten Scoundrels** Bragðarefir
- 01.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

GOLFSTÖÐIN

- 08.50 The Honda Classic**
- 12.50 Golfing World**
- 13.40 Inside the PGA Tour**
- 14.05 The Honda Classic**
- 18.05 Champions Tour Highlights**
- 19.00 The Honda Classic** Bein útsending frá The Honda Classic á PGA mótaröðinni.
- 23.00 Golfing World**

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro
- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Síminn + Spotify**
- 08.00 Dr. Phil**
- 08.45 The Tonight Show**
- 09.30 The Late Late Show**
- 10.15 Síminn + Spotify**
- 12.00 Everybody Loves Raymond**
- 12.20 The King of Queens**
- 12.40 How I Met Your Mother**
- 13.05 Dr. Phil**
- 13.45 Family Guy**
- 14.10 Ally McBeal**
- 14.55 Ally McBeal**
- 16.00 Malcolm in the Middle**
- 16.20 Everybody Loves Raymond**
- 16.45 The King of Queens**
- 17.05 How I Met Your Mother**
- 17.30 Dr. Phil**
- 18.15 The Tonight Show**
- 19.00 Younger**
- 19.30 The Voice US**
- 21.00 The Bachelor**
- 22.30 Terminator 2. Judgment Day**
- 00.50 The Tonight Show**
- 01.35 NCIS**
- 02.20 NCIS. Los Angeles**
- 03.00 The Walking Dead**
- 03.45 The Messengers**
- 04.30 The Affair**

RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunvaktin**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.05 Í ljósi sögunnar**
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfregnir**
- 10.13 Óskastundin**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Mannlegi þátturinn**
- 12.00 Fréttir**
- 12.02 Hádegisútlit**
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.40 Veðurfregnir**
- 12.50 Dánarfregnir**
- 12.55 Samfélagið**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Brot af eilífðinni Frank Sinatra, fyrri hluti**
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Sögur af landi Frelsi**
- 16.00 Siðdegisfréttir**
- 17.00 Fréttir**
- 17.03 Lestarklefinn**
- 18.00 Spegillinn**
- 18.30 Brot úr Morgunvaktinni**
- 18.50 Veðurfregnir**
- 18.53 Dánarfregnir**
- 19.00 Flugur íslenskt reggae og popp**
- 19.45 Hitaveitan**
- 20.35 Mannlegi þátturinn**
- 21.35 Kvöldagan. ÖR**
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregnir**
- 22.10 Passíusálmar**
- 22.15 Samfélagið**
- 23.05 Lestarklefinn**
- 00.00 Fréttir**
- 00.05 Næturútlit Rásar 1**

STÖÐ 2 BÍÓ

- 11.15 Hitch**
- 13.10 The Yellow Handkerchief**
- 14.45 Circle**
- 16.35 Hitch**
- 18.35 The Yellow Handkerchief**
- 20.10 Circle**
- 22.00 A Cure for Wellness**
- 00.25 My Dinner With Herve**
- 02.10 Child 44**
- 04.25 A Cure for Wellness**

STÖÐ 2

- 07.00 Blíða og Blær**
- 07.25 Tommi og Jenni**
- 07.50 Friends**
- 08.10 The Middle**
- 08.35 Brother vs. Brother**
- 09.15 Bold and the Beautiful**
- 09.35 Restaurant Startup**
- 10.20 Splitting Up Together**
- 10.50 The Night Shift**
- 11.35 Hið blómlega bú**
- 12.10 Feðgar á ferð**
- 12.35 Nágrannar**
- 13.00 Intolerable Cruelty**
- 14.35 Emil í Kattholti**
- 16.10 Ég og 70 mínútur**
- 16.40 The Goldbergs**
- 17.00 First Dates**
- 17.45 Bold and the Beautiful**
- 18.05 Nágrannar**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.10 Sportpakkin**
- 19.20 Veður**
- 19.25 Evrópski draumurinn**
- 20.00 Amelia**
- 21.50 O.G.**
- 23.40 Call Me by Your Name**
- 01.50 Father Figures**
- 03.40 Intolerable Cruelty** Rómantísk gamanmynd frá 2003 með George Clooney og Catherine Zeta-Jones. Virtur lögfræðingur sem sérhæfir sig í hjúskaparmálum fellur fyrir forkunnarfagurri glæsilegri konu sem hann kynntist þegar hann aðstoðaði fyrrverandi manninn hennar í skilnaðarmáli. Nú hyggur hún á hefndir og beitir lævisum brögðum og þokka sínum til að fá sínu framgengt.

STÖÐ 3

- 19.05 Modern Family**
- 19.30 Silicon Valley**
- 20.00 Seinfeld**
- 20.25 Friends**
- 20.50 Angie Tribeca**
- 21.15 The Simpsons**
- 21.40 Bob's Burgers**
- 22.05 American Dad**
- 22.30 Game Of Thrones**
- 23.25 Luck**
- 00.25 Modern Family**
- 00.50 Silicon Valley**
- 01.20 Seinfeld**
- 01.45 Tónlist**

STÖÐ 2 SPORT

- 07.00 Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur 2018/2019**
- 07.25 Premier League World**
- 07.55 Leicester - Brighton**
- 09.35 Cardiff - Everton**
- 11.15 Newcastle - Burnley**
- 12.55 Úrvalsdeildin í pilukasti**
- 16.50 Grótta - Fram**
- 18.20 La Liga Report**
- 18.50 PL Match Pack**
- 19.20 Evrópudeildin - fréttapáttur**
- 19.45 Afturelding - Valur** Bein útsending.
- 21.45 Seinni bylgjan**
- 23.15 Cagliari - Inter**

STÖÐ 2 SPORT 2

- 07.30 Atletico Madrid - Villarreal**
- 09.10 Getafe - Rayo Vallecano**
- 10.50 Fiorentina - Inter**
- 12.30 Chelsea - Manchester City**
- 14.15 Bologna - Juventus**
- 15.55 KA/Þór - Haukar**
- 17.25 Stjarnan - ÍA**
- 19.05 Búrið**
- 19.40 Leeds - WBA** Bein útsending.
- 21.45 Premier League Preview**
- 22.15 UFC Now 2019**
- 23.05 HK - Valur**

- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útlit Saga
- FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



RJÓMABOLLUDAGURINN

Allir hafa skoðun á hvernig fylling á að vera í bollum en öll erum við þó sammála um að rjóminn er ómissandi.

Þú færð góða bollaruppskrift á gottimatinn.is



Bjórlikisvaka á Dillon

Þrjátíu ára bjórfrelsi verður fagnað víða um land í dag. Á Dillon verður hið alræmda bjórliki á tilboði ef einhver vill smakka. Skömmu áður en bjórbanninu var aflétt reiddu bareigendur gervibjórinn fram við ótrúlegar vinsældir bjórþyrstra Íslendinga.

Þrjátíu ára bjórfrelsi verður fagnað víða um land í dag. Á Dillon verður hið alræmda bjórliki á tilboði en nokkrum árum áður en bjórbanninu var aflétt 1. mars 1989 tóku bareigendur upp á því að reida gervibjórinn fram til þess að trekkja að.

Bjórlikið, oftast vodkablandaður pilsner, naut talsverðra vinsælda í hallærinu en á varla upp á pallborðið í dag en þeir sem vilja smakka á eða rifja upp kynnin af þeim ósköpum geta látið það eftir sér á Dillon í kvöld.

„Það eru allir með tilboð á bjór og okkur langaði að gera eitthvað aðeins öðruvísi og minna fólk í leiðinni á hversu gott það hefur það þegar það fær sér sopa af þessu,“ segir Jón Bjarni Steinsson, einn eigenda Dillon.

Bjórlikið á Dillon verður blandað úr Tuborg léttöli og Eldur ís-vodka í hinum gömlu hlutföllum en á sínum tíma var miðað við að tveimur vodkaflosum og 1/3 úr viskiflosum væri helld saman við um það bil 20 lítra af léttöli.

„Við blöndum þetta á staðnum,“ segir Jón Bjarni. „Við nenntum



Jón Bjarni á Dillon ætlar að selja bjórliki á tilboði í tilefni bjórdagsins, ekki síst til þess að minna fólk á hversu gott það hefur haft það síðustu 30 árin.

ekki að hafa fyrir því að setja þetta á dælu enda erum við ekki alveg vissir um hvernig salan verður á þessu,“ segir Jón Bjarni.

„Ég var átta ára þegar bjórinn var leyfður, segir Jón Bjarni sem slapp því við að þreyja bjórbannið og hefur að mestu komist í gegnum lífið án þess að þurfa að leggja bjórliki sér til munnis.“

„Ég hef örsjaldan drukkið eitthvað sem kalla mátti bjórliki en þegar ég var að hella mig fullan eftir vaktir á Hótel Íslandi 1998 setti ég stundum vodkaskot út í bjórinn minn. Það eru mín einu kynni af bjórliki,“ segir Jón Bjarni sem ætlar að selja hálfan lítra af bjórlikinu á 110 krónur á meðan birgðir endast annað kvöld. „En fyrir þá sem ekki vilja þær guðaveigar verður Tuborg á happy hour til miðnætis.“

Dillon þjófstartaði þó björgleðinni strax í gær þegar nýr bjór frá Borg brugghúsi var settur á krana í fyrsta sinn. Bjór! er bruggaður að undirlagi gömlu pönkaranna í Fræbbblunum sem deildu hart á bjórbannið á sínum tíma með laginu Bjór! árið 1981.

Fræbbblarnir eru miklir bjór-áhugamenn og hafa lengi látið sig dreyma um að framleiða bjór með þessu einfalda og gegnsæja nafni, með vísan til lagsins góða, og þegar þeir báru hugmyndina undir bruggarana hjá Borg ákváðu þeir að slá til enda tilefnið núna ærið: 40 ára afmæli Fræbbblanna og 30 ára bjórfrelsi á Íslandi. – þþ

Aðalfundur Sýnar hf.

Aðalfundur Sýnar hf. verður haldinn föstudaginn 22. mars 2019 kl. 10:00, í höfuðstöðvum félagsins að Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári.
2. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á reikningsárinu 2018.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins, sem fela í sér:
 - a) Að heimila birtingu 20 stærstu hluthafa Sýnar hf.
 - b) Að heimila félaginu kaup á eigin hlutum, sem verður viðauki við samþykktirnar.
5. Tillaga um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta.
6. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir árið 2019.
8. Kosning stjórnar félagsins.
9. Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar.
10. Kosning endurskoðanda félagsins.
11. Önnur mál löglega upp borin.

Upplýsingar fyrir hluthafa:

Heildarfjöldi hluta í félaginu hinn 28. febrúar 2019 er 296.441.474 hlutir og jafnmörg atkvæði. Þar af eru öll atkvæði virk.

Aðrar upplýsingar:

Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá aðalfundar skal slík beiðni koma fram eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 10:00 föstudaginn 8. mars 2019.

Skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir aðalfund verður að finna á vefsíðu félagsins syn.is/fjarfestatengsl eigi síðar en þremur vikum fyrir fundinn. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin frá því tímamarki í höfuðstöðvum félagsins að Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík, virka daga milli kl. 09:00 – 16:00. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku. Ekki verður unnt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar tveimur vikum fyrir fundinn.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð á eyðublaði sem unnt er að nálgast á vef félagsins.

Sérstök tilnefningarnefnd er að störfum í samræmi við starfsreglur stjórnar og tilnefningarnefndar. Hluthafar og aðrir sem óska eftir tilnefningu nefndarinnar til framboðs til stjórnar að aðalfundi félagsins hafa átt þess kost að koma áhuga sínum og eftir atvikum framboði á framfæri við nefndina, en frestur til þess er nú úrunninn. Skýrsla tilnefningarnefndar er send kauphöll samhliða fundarboði þessu. Með fyrirvara um að stjórn staðfesti lögmæti hlutaðeigandi framboða leggur tilnefningarnefnd til að þau Heiðar Guðjónsson, Anna Guðný Aradóttir, Tanya Zharov, Hjörleifur Pálsson og Yngvi Halldórsson verði kjörin til setu sem aðalmenn í stjórn og Óli Rúnar Jónsson og Sigríður Vala Halldórsdóttir verði kosin í varastjórn. Tilnefningarnefnd mun leggja til að Kristinn Hallgrímsson hrl. verði fundarstjóri aðalfundarins.

Eftir sem áður er unnt að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst fimm sólarhringum fyrir aðalfund, sbr. 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 eða fyrir kl. 10 sunnudaginn 17. mars 2019. Framboð skulu berast á netfangið: tilnefningarnefnd@syn.is

Í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar gefst hluthöfum tækifæri á að kjósa tvo af þremur fulltrúum í tilnefningarnefnd. Framboðsfrestur til tilnefningarnefndar er til kl. 10 sunnudaginn 17. mars 2019 og ber að skila framboðum á netfangið: tilnefningarnefnd@syn.is

Reglur um stjórnarkjör gilda eftir því sem við getur átt um kosningu tilnefningarnefndarfulltrúanna.

Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá kl. 9:30 á aðalfundardegi.

Stjórn Sýnar hf.

Sögð hafa gift sig í laumi

Söngvarinn Ed Sheeran og hokkispilarinn Cherry Seaborn giftu sig í laumi rétt fyrir síðustu jól, ef marka má heimildarmann The Sun.

Brúðkaupið fór fram á sveitasetri ofurstjórnunnar í Suffolk en einungis nánustu vinum og fjölskyldu var boðið.

„Þetta var mjög rólegt, bara elstu vinir Ed, nánustu fjölskyldumeðlimir og prestur. Hann vildi ekkert vesen og hann vildi að þetta snerist eingöngu um þau, að þetta væri bara lítið vetrarbrúðkaup,“ segir

heimildarmaðurinn. „Hvorugt þeirra var spennt fyrir því að gera mikið úr þessu.“

Hvorki Ed né Cherry hafa tjáð sig um umrætt brúðkaup en parið hefur haldið einkamálum sínum fyrir sjálft sig. Sheeran deildi því þó að þau hefðu trúlofað sig í byrjun seinasta árs.

Söngvarinn tjáir sig þó sjaldan um sambandið á samfélagsmiðlum og er nokkuð lítið vitað um Cherry Seaborn annað en að hún er einkar fær hokkispilari og hefur leikið með enska landsliðinu.



Talið er að Ed Sheeran og hokkispilarinn Cherry Seaborn hafi gift sig í laumi rétt fyrir síðustu jól.



Meint rómantík Lady Gaga og Bradley Cooper hefur vakið athygli.

Segist hafa platað alla upp úr skónum

Söngkonan Lady Gaga heim-sótti spjallþáttastjórnandann Jimmy Kimmel nú á dögunum og þar ræddi hún magnaða frammistöðu sína með leikaranum Bradley Cooper á Óskarsverðlaunahátíðinni þar sem þau sungu lagið Shallow úr kvikmyndinni A Star Is Born.

Það er ljóst að mikill tími fór í undirbúning fyrir þetta magnaða atriði en Cooper og Gaga eyddu allri vikunni áður í að undirbúa atriðið. Gaga segir að þau hafi viljað vera alveg viss um að líta út fyrir að vera ástfangin. Meint rómantík þeirra á milli hefur vakið athygli.

„Fólk sá ást og getiði hvað, það er það sem við vildum að þið mynduð sjá. Þetta er lag um ástina. „Shallow.“ Myndin A Star Is Born er ástarsaga,“ segir Gaga en hún segir að samfélagsmiðlar séu líkt og klósett internetsins. „Ég er listamaður og ég býst við að við höfum staðið okkur vel og plötuðum ykkur!“



Bræðurnir koma Jackson til varnar.

Hafna ásökunum á hendur Jackson

Þrjú bræður söngvarans Michaels Jackson, þeir Jackie, Marlon og Tito Jackson, mættu ásamt frænda söngvarans, Taj Jackson, í viðtal í sjónvarpsþáttinn CBS This Morning þar sem þeir voru söngvarann gegn ásökunum um kynferðisbrot sem koma fram í heimildarmyndinni Leaving Neverland.

Þar er fjallað um frásagnir þeirra Wades Robson og James Safechuck sem segja söngvarann hafa brotið á þeim þegar þeir voru börn. Fjölskyldan hefur áður gagnrýnt myndina en leikstjórinn, Dan Reed, hefur vísað gagnrýninni á bug.

„Við þekkjum bróður okkar. Michael hefði aldrei gert neitt þessu líkt,“ segir Marlon og er óánægður með að leikstjórinn hafi ekki rætt við neinn fjölskyldumeðlim. „Hann tók öllu sem þeir sögðu sem staðreyndum. Hann treysti þeim og það er ekkert að því en þú verður að sannreyna það sem haldið er fram að séu staðreyndir.“ – **be**

VELDU GÆÐI!

Margar tegundir af gómsætum bollum



PRENTUNIS



www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30

laugardaga 8.00 - 16.00

sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35
Fálkagata 18

SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - VERÐ

ERU ALLIR TILBÚNIR FYRIR
SJÓNVARPSHELGINA?

REMA 1000



REMA1000
BARBECUE FLÖGUR
234 kr.



REMA1000
POPCORN
109 kr.



TORTILLA
MED SALT
140 kr.



TORTILLA
MED CHILI
140 kr.



LÍFRÆNAR
GRÆNMETIS FLÖGUR
307 kr.



FLÖGUR
SÝRÐUR RJÓMI
OG LAUKUR
234 kr.



SÆT TÓMATA
RÜLLUR
147 kr.



MAÍS
SNAKK
225 kr.

SUPER 1 - HALLVEIGARSTÍG 1 - 101 REYKJAVÍK

Meiri menn í Kringlunni

Ljósmyndasýningin Meiri menn verður opnuð á morgun en hún byggir á persónulegum sögum átta karlanna sem greinst hafa með ólíkar tegundir krabbameina.

Sýningin er hluti af Mottumars 2019 og er sýnd á sex stöðum; í Kringlunni, Herrafataverzlun Kormáks og Skjaldar, á Glerártorgi Akureyri, í JMJ herradeild á Akureyri, í Ráðhúsi Reykjanesbæjar og í Neistanum á Ísafirði. Allir þeir karlar sem taka þátt í sýningunni segja frá sinni persónulegu reynslu en lengri útgáfur sagnanna er að finna á karlaklefinn.is sem og myndskleið af frásögnum þeirra.

Saga Davíðs Ólafssonar

„Ég vissi að það var eitthvað að. Ég var búinn að lesa mér það mikið til að ég gerði mér grein fyrir að það væri sennilega æxli. En svo er þetta svo hart. Maður liggur þarna á bekknum ber að neðan. Læknirinn þræðir upp járnstöng með linsu og myndavél. Kemur svo til baka og segir: „Horfðu nú á skjáinn, Davíð minn. Þetta er illkynja krabbamein.““

Þannig hefst sjúkrasaga Davíðs Ólafssonar, óperusöngvara og fasteignasala, sem greindist 47 ára með ristilkrabbamein. Hann náði tímabundnum bata en í janúar síðastliðnum, tveimur árum síðar, tók krabbameinið sig upp aftur og fjarlægja þurfti ristilinn.

Mottumars rak Davíð til læknis

Fyrir greiningu hafði Davíð tekið eftir einkennum sem hann hélt fyrst að gætu tengst mat sem hann hafði borðað. „Ég hafði hlustað á auglýsingar Mottumars nokkrum árum áður þar sem Þorsteinn Guðmundsson, leikari og vinur minn, las slagorðin. Ég fékk hann á öxlina með alla frasana „Ekki segja pass við þinn rass.“ og svo framvegis. Og þetta sat í mér. Þegar einkennin héldu áfram heyrði ég stöðugt í honum. Ég átti að láta athuga mig og ekki vera feiminn við það. Og það er ástæðan fyrir því að ég fór og lét skoða mig.“

Davíð sagði í upphafi engum frá nema eiginkonu sinni og við tók óvissutími sem hann vildi nýta til að afla sér upplýsinga um stöðu sína og sjúkdóminn: „Mér fannst mjög mikilvægt að hafa allar staðreyndir á hreinu og var hálfnaður með geislameðferð þegar ég sagði fjölskyldunni frá þessu. Þetta var orðið þriðja stigs og komið í eitla og eftir á að hyggja er ég feginn að ég gerði þetta svona þrátt fyrir að vera ráðlagt gegn því.“

Hluti ristilsins var síðan fjarlægður og Davíð fékk tímabundið stóma á meðan ristillinn var að jafna sig. Við tók langt bataferli. „Það er ekkert vandamál að berjast við krabba-



Davíð Ólafsson, óperusöngvari og fasteignasali, greindist 47 ára með ristilkrabbamein. Hann náði tímabundnum bata en í janúar síðastliðnum, tveimur árum síðar, tók krabbameinið sig upp aftur. MYND/ÁSTA KRISTJÁNS



Sigurður Steinarrson segir sögu sína af krabbameini í þvagblöðru. MYND/ÁSTA KRISTJÁNS



Sveinn Björnsson greindist með ristilkrabbamein vorið 2018. MYND/ÁSTA KRISTJÁNS

EN SVO ER ÞETTA SVO HART. MAÐUR LIGGUR ÞARNA Á BEKKNUM BER AÐ NEÐAN. LÆKNIRINN ÞRÆÐIR UPP JÁRNSTÖNG MEÐ LINSU OG MYNDAVÉL. KEMUR SVO TIL BAKA OG SEGIR: „HORFÐU NÚ Á SKJÁINN, DAVÍÐ MINN. ÞETTA ER ILLKYNJA KRABBAMEIN.“

meín, en það er miklu erfiðara að eiga við afleiðingarnar.“

Erfitt að þiggja hjálp

Vinir og kunningjar veittu mikinn stuðning, sérstaklega á þeim tíma þegar Davíð var tekjulaus. En honum fannst erfitt að taka við hjálp: „Ég hef alltaf unnið sjálfstætt og þegar maður er kominn á þann stað að maður getur ekki bjargað sér er það mjög erfitt. Ég held að það

sé sérstaklega sterkt í karlmönnum að vilja sjá fyrir öllu og hafa fólkíð sitt ánægt.“

Álag á fjölskylduna

Davíð reyndi eftir megni að hlífa fjölskyldunni í veikindaferlinu og hjónin reyndu að lifa eins eðlilegu lífi og hægt var: „Á sama tíma fáttaði ég ekki að það snerist í raun allt heimilið um mig. Ég spurði konuna mína til dæmis aldrei: Hvernig lifur þér? Það gleymdist alveg.“ Þegar Davíð fékk endurgreiningu núna í janúar fékk hann leyfi hjá læknum til að fresta aðgerðinni um tvær vikur svo hann gæti haldið upp á fimmtugsafmælið sitt og farið í helgarferð til Berlínar áður en ristillinn yrði fjarlægður. „Þegar ég fæ varanlegt stóma get ég fengið líf mitt aftur til baka. Þá þarf ég ekkert að hugsa um þetta og get farið að hlaupta aftur, hjóla og labba. Það eru hlutir sem ég get ekki í dag.“ bjork@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðardóttir johannahelga@frettabladid.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Gústaf Bjarnason gustaf@frettabladid.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Sígfrús Örn Einarsson sigfrus@frettabladid.is, Svava Ó'Brien svava@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Benedikt Boas Hinriksson benediktboas@frettabladid.is RÁÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vip@frettabladid.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is

**Cocoa
Puffs**

**Algjört
súkkulæði!**



FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 550 5000

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is

Auglýsingadeild 550 5050 auglysingar@frettabladid.is

Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VIÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Þórarins
Þórarinssonar



Sull

Ég var átján ára þegar bjór-
múrinn féll á Íslandi 1. mars
1989 og þótt ég hafi ekki verið
í blakkáti man ég ekki hvar ég var
þegar 4,5% frelsisbylgjan skall á
landinu.

Þessi stórkostlegu tímamót komu
mér bara ekki rassgat við vegna þess
að ég var ekki byrjaður að drekka
þannig að ég veit þó fyrir vist að
ég var ekki í taumlausri gleði með
einn iskaldan á frelsiskantinum.
Ég byrjaði ekki að drekka fyrr en
tveimur árum síðar þegar kærastan
mín blandaði mér í glas í fyrsta sinn.
Romm í kók. Hún skildi síðan við
mig fjórtán árum síðar vegna þess
að ég var alkohólísti.

Henni að þakka samt að ég stökk
yfir bjórinn beint í rommið en eftir
að ég byrjaði að misnota áfengi
furða ég mig enn frekar á bjórdýrk-
uninni. Þessi ömurlegasta útgáfa af
etanóli er varla ölkum bjóðandi.

Bjórinn er hallærislegur og
kjánalegur, enda þjóðardrykkur
fótboltabullna, plebba og snobb-
ara sem upphelja alkohólisma
sinn með endalaus IPA-hjali um
að sullið þeirra sé eins og bern-
aise-sósa gerð frá grunni á meðan
Gullið er eins og pakkasósa frá
Knorr. Og?

Áfengi er hugbreytandi efni
þannig að tilgangurinn með neyslu
þess er augljós og þá er nú skömm-
inni skár að gera það hratt og
örugglega með alvöru áfengi frekar
en að dunda sér við það og verða
latur, þreyttur og feitur í leiðinni.

Frelsi er samt alltafgott og ekki
verra að geta fagnað þrjátíu ára
bjórfrelsi á föstudegi. Ekki að þetta
hafi markað lausn úr einhverri
ægilegri ánaud þar sem hér var og
er allt fljótandi í landa, Smirnoff,
Bacardi og íslensku brennivíni.

Ég skála bara með ykkur í
romm&kök á meðan þið leppið
sullið enda er frjáls Kúba miklu
skemmtilegri en frjálst Ísland sem
er jú, latt, feitt og leiðinlegt.

VAXTALAUSAR*
AFBORGANIR FRÁ

5.574
KRÓNUM

FERMINGARTILBOÐ



MIKIÐ ÚRVAL AF
SÆNGUM OG KODDUM
Á FEMINGARTILBOÐI

SÆNGUR OG KODDAR

CHIRO UNIVERSE



FERMINGARTILBOÐ
25%
AFSLÁTTUR
KOMDU NÚNA!

Aukahlutur
á mynd: Gaffl.

• Fimmsvæðaskipt poka-
gormakerfi.

• Heilsu- og hægindalag
tryggir réttan stuðning.

• Vandaðar kantstyrkingar.
• Slitsterkt og mjúkt áklæði.

• Val um svart eða hvítt PU
leður eða grátt áklæði á botni.

SERTA OPERA



FERMINGARTILBOÐ
25%
AFSLÁTTUR
KOMDU NÚNA!

Aukahlutur
á mynd: Gaffl.

• Sjölaga heilsu- og
hægindahluti tryggir réttan
stuðning við mjóbak.

• Vandað fimmsvæðaskipt
pokagormakerfi. Minni
hreyfing, betri aðlögun.

• Slitsterkt og mjúkt
bómullaráklæði sem
andar vel.

• Steyptar kantstyrkingar.

FERMINGARTILBOÐ

HEILSURÚM FYRIR UNGT, VAXANDI FÓLK

STÆRD	FULLT VERÐ M/CLASSIC BOTNI	FERMINGAR- TILBOÐ	AFBORGUN Á MÁNUÐI*
90X200	79.900 KR.	59.925 KR.	5.574 KR.
100X200	89.900 KR.	67.425 KR.	6.220 KR.
120X200	99.900 KR.	74.925 KR.	6.867 KR.
140X200	114.900 KR.	86.175 KR.	7.838 KR.

* Miðað við vaxtalausar kreditkortagreiðslur í 12 mánuði, með 3,5% lántöku-
gjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi pr. afborgun

Serta STÆRSTI DÝNUFRAM-
LEIÐANDI VERALDAR

FERMINGARTILBOÐ

HEILSURÚM FYRIR UNGT, VAXANDI FÓLK

STÆRD	FULLT VERÐ M/CLASSIC BOTNI	FERMINGAR- TILBOÐ	AFBORGUN Á MÁNUÐI*
120X200	121.000 KR.	90.750 KR.	8.232 KR.
140X200	135.000 KR.	101.250 KR.	9.138 KR.

* Miðað við vaxtalausar kreditkortagreiðslur í 12 mánuði, með 3,5% lántöku-
gjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi pr. afborgun

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

TORTILLA
OG GOS*
COMBO VERÐ:
499 KR.



*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni.
Tilbúin vara, ekki hægt að breyta.

Kvikk
ON THE GO

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.-fös. 10-18 | Lau. 11-16
www.betrabak.is

Betra
BAK

Verð og vörupplýsingar í auglýsingum eru birtar með fyrirvara um prentvillur.